

I 0. bekkjarnámskrá

skólanámskrá Hvaleyarskóla

I I. og III. hluti



Skólaárið 2023-2024

Skólanámskrá Hvaleyrarskóla
Útgefin 2023

Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skóla
© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Útgáfustaður: Hafnarfjörður
Ábyrgð: Kristinn Guðlaugsson skólastjóri

Útgefandi: Hvaleyrarskóli
Akurholti I
220 Hafnarfjörður

netfang: hvaleyrarskoli@hvaleyrarskoli.is
veffang: <http://www.hvaleyrarskoli.is>

Efnisyfirlit

II. Skólastarf 10. bekkjar	4
II.1. Samantekt kennslu í 10. bekk.....	5
II.2. Áherslur grunnpáttá menntunar í 10. bekk.....	6
II.3. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf	7
II.4. Námsmat og vitnisburðakerfi	7
III. Náms svið og námsgreinar.....	8
I. Íslenska	9
a. Viðmið um námshæfni í íslensku.....	9
b. Matsviðmið og matskvarði fyrir námshæfni í íslensku.....	11
1.1. Talað mál, hlustun og áhorf.....	12
1.2. Lestur og bókmenntir	13
1.3. Ritun	14
1.4. Málfræði.....	15
2. Erlend tungumál	16
a. Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum	16
b. Matsviðmið og matskvarði fyrir námshæfni í erlendum tungumálum	20
2.1. Enska.....	21
2.2. Danska og önnur Norðurlandamál	22
4.0 Náttúrugreinar.....	23
a. Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum	23
b. Matsviðmið og matskvarði fyrir námshæfni í náttúrugreinum	24
5. Samfélagsgreinar	27
a. Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum	27
b. Matsviðmið og matskvarði fyrir námshæfni í samfélagsgreinum	28
5.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði.....	29
5.2. Jafnrétti og lífsleikni	30
5.3. Landfræði, saga, og sam-/þjóðfélagsfræði.....	31
6. Skólaípróttir	32
a. Viðmið um námshæfni í skólaípróttum.....	32
b. Matsviðmið og matskvarði fyrir námshæfni í skólaípróttum.....	33
c. Grunnþættir menntunar í skólaípróttum	34
6.1. Ípróttir	35
6.2. Sund.....	36
7. Stærðfræði.....	39
a. Viðmið um námshæfni í stærðfræði	39
b. Matsviðmið og matskvarði fyrir námshæfni í stærðfræði	41
7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði.....	43
7.2. Tölur, reikningur og algebra	44
7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi	45
9. Valgreinar	46

II. Skólastarf 10. bekkjar

Hlutverk þessa kafla er að kynna fyrir skólasamfélaginu megináherslur í starfsemi bekkjar svo það sé upplýst um framkvæmd skólastarfs í bekknum/árganginum. Það er m.a. gert til að foreldrar geti verið virkir þátttakendur í námi barna sinna á grundvelli uppeldisréttar síns. Um leið kynna kennarar fagmennsku skólastarfsins til að sýna fram á faglegt inntak og samhengi milli bekkja/árganga um þau gæði sem stefnt er að í skólastarfinu.

Kaflanum er skipt í eftirfarandi hluta:

1. Samantekt kennslu árgangs
2. Áherslur grunnþátta menntunar
3. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf í árganginum
4. Námsmat og vitnisburðarkerfi árgangs

II. I. Samantekt kennslu í 10. bekk

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

Námssvið	Námsgreinar	Tímaffjöldi í skóla á viku
1. Íslenska	I.1. Talað mál, hlustun og áhorf	0,5
	I.2. Lestur og bókmenntir	1,5
	I.3. Ritun	2,0
	I.4. Málfræði	2,75
		6,75
2. Erlend tungumál	2.1. Enska	4
	2.2. Danska	4
3. List- og verkgreinar	Listgreinar og verkgreinar:	3
	3.1. Sviðslistir (dans og leiklist)	0,0
	3.2. Sjónlistir (myndmennt)	1,0
	3.3. Tónmennt	0,0
	3.4. Heimilisfræði	0,67
	3.5. Hönnun og smíði	0,67
	3.6. Textílmennt	0,67
4. Náttúrugreinar	4. Náttúrufræði	3
	4.1. Eðlis- og efnavísindi	1,0
	4.2. Jarð- og stjörnufræði	1,0
	4.3. Lífvísindi	0,5
	4.4. Umhverfismennt	0,5
5. Samfélagsgreinar	5. Samfélagsfræði	3
	5.1. Heimspeki siðfr. Og trúarbr.fræði	1,0
	5.2. Jafnrétti og lífsleikni	1,0
	5.3. Landaf., saga og sam-/þjóðfélagsfræði	1,0
6. Skólaíþróttir	6. Skólaíþróttir	3
	6.1. Íþróttir	2,0
	6.2. Sund	1,0
7. Stærðfræði	7. Stærðfræði	6
9. Val	9. Valgreinar	4,25
Alls		37





II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 10. bekk

Í þessum árgangi eru áherslur sex grunnþátta menntunar eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og samhæfir áherslum skólans um forvarnir.

Áherslur grunnþátta menntunar eru settar fram í markmiðum

Grunnþættir Efnisþættir	
LÆSI	<ul style="list-style-type: none"> • að kenna nemendum að vera læsir á umhverfi sitt með hliðsjón af ýmsum færniþáttum • að nemendur geti tjáð sig og haft samskipti • að nemendur geti tileinkað sér það nám sem lagt er til grundvallar og nýtt það til sjálfstæðra vinnubragða • að þjálfar ritlæsi, miðlalæsi, samskiptalæsi, tölulæsi, myndlæsi, raunveruleikalæsi, tilfinningalæsi
SJÁLFBÆRNI	<ul style="list-style-type: none"> • að stuðla að aukinni umhverfisvitund með því að efla þekkingu og skilning • á samspili náttúru, umhverfis og mannlífs • að gera sér grein fyrir eigin áhrifum á náttúruna og temja sér lífsvenjur sem stuðli að heilbrigði jarðar og jarðarbúa • að skila umhverfinu í ekki lakari ástandi til komandi kynslóða en við tókum við því • að takast á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni • að stuðla að áhuga og vilja til þess að nemendur taki þátt samfélaginu
MANNRÉTTINDI OG LÝÐRÆÐI	<ul style="list-style-type: none"> • að læra að setja sig í spor annarra • að sýna samkennd, samúð og samliðan • að vinna markvisst að lýðræðislegri kennslu í skólastarfi s.s. hópvinnu, bekkjarfundum, þátttökunámi og samfélagsverkefnum • að geta skilið heiminn í kringum sig, verið meðvituð um eigin stöðu og annarra og viðurkenningu á hæfileikum og þroskamöguleikum • bera virðingu fyrir lífinu • að fræða um mannréttindi, stjórnsýslu, samfélagsmótun, borgaravitund og manngildi • að efla ábyrgð, gagnrýna hugsun, samvinnu og samábyrgð
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ	<ul style="list-style-type: none"> • fjölbreytni í mat (mötuneyti), • jákvæður skólabragur, SMT og Olweus • fræðsla um kynheilbrigði. Nýta styrkleika nemenda • heilsueflandi grunnskóli – reglubundin og fjölbreytt hreyfing • næringarfræðsla, andleg vellíðan – byggja á styrkleika hvers og eins • vinna að jákvæðum tengslum við nærumhverfið s.s. Verið, heilsugæsluna, lögregluna, foreldra/forráðamenn o.fl. • unnið með sjálfsmýndina og jákvæð samskipti • heilsusamlegt umhverfi
JAFNRÉTTI	<ul style="list-style-type: none"> • að hver og einn nemandi fái að njóta sín miðað við eigin þroska, sérstöðu, þarfir, áhuga og styrkleika • að efla skilning nemenda á stöðu kynjanna í nútíma samfélagi • að búa nemendur jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, hvort heldur sem er í einkalífi, fjölskyldulífi eða atvinnulífi • að leggja áherslu á umburðarlyndi og víðsýni gagnvart fjölbreytileika mannlífsins s.s. ólíkri menningu, þjóðerni, trúarbrögðum, lífsskoðunum, kynhneigð og fötlun • að efla kynjajafnrétti



Grunnpættir Efnispættir

SKÖPUN

- að stuðla að frumkvæði einstaklingsins
- að stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi
- að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður
- að nemendur uppgötvu, njóti, örvi forvitni og áhuga, virki ímyndunarafl og leiki sér með möguleika
- að nota leik sem námsaðferð og opna víddir þar sem sköpunargleði ungmenna fái að njóta sín
- að nota fjölbreyttar kennsluáðferðir og að nemendur verði virkir þátttakendur í náminu
- að byggja á eigin reynslu og byggja ofan á
- að nemendur læri að taka ábyrgð á eigin námi og beri virðingu fyrir verkum sínum og annarra

II.3. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf

Lögð er áhersla á að það ríki gagnkvæmt traust milli skóla og heimilis og lagt er uppúr árangursríku samstarfi. Stuðla að því að foreldrar séu virkir þátttakendur í námi barna sinna, gæti hagsmuna þeirra í hvívetna og veiti skólanum viðeigandi og nauðsynlegar upplýsingar.

Að foreldrar taki virkan þátt í foreldrastarfi árgangsins og að foreldrar og kennarar stuðli að virkri upplýsingagjöf milli heimila og skóla. Að styðja foreldra í því að axla þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna og gæti hagsmuna þeirra og að þeir styðji vel við skólagöngu þeirra.

II.4. Námsmat og vitnisburðakerfi

Námsmat í bekknum greinist í tvennt, leiðsagnarmat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum). Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

a. Leiðsagnarmat.

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Leiðsagnarmat miðar að því að meta framfarir nemenda í þeim tilgangi að nota niðurstöðurnar til að gera nauðsynlegar breytingar á námi og kennslu. Í leiðsagnarmati er fylgst með nemendum á námstímanum og þeim leiðbeint. Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir, s.s. kannanir, frammistöðumat, sjálfsmat, samræður o.fl., til að safna upplýsingum um stöðu nemenda, hvað þeir vita og geta og hvers þeir þarfnast til að ná betri árangri.

A.m.k. tvisvar á ári er farið yfir stöðu nemenda á fundi með nemenda foreldra og umsjónarkennara.

b. Lokamat:

Lokamat hefur þann megintilgang að gefa upplýsingar um árangur náms og kennslu í lok námstíma skólaárs. Matsaðferðir við lokamat ákvarðast af markmiðunum en matið er oftast byggt á skriflegum prófum eða fjölbreyttum lokaverkefnum nemenda. Með lokamati er lögð áhersla á að meta þekkingu og skilning nemenda á námsefninu, hvernig þeim tekst að beita þekkingu sinni og hvernig þeir greina og nota mismunandi aðferðir við ákveðin viðfangsefni.

Lokamat sýnir hversu vel nemendum gengur miðað við hæfniviðmið/námsmarkmið árgangsins. Notaður er kvarðinn A, B, C, D, þar sem A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C.



III. Námssvið og námsgreinar

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er að fari fram á skólaárinu í bekknum/árgangnum. Aðalnámsskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólastarfsins í átta skilgreind námssvið og eitt opið (val) en hverju námssviði heyrja mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námssvið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. í aðalnámsskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námssviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólastarfinu sem öllum sé ljós.

Í einhverjum tilvikum fá sumir nemendur sérstakt námsefni sem hæfa þeim betur en námsefni bekkjar og fá því sína eigin námsskrá (að hluta a.m.k.) sem er nefnd einstaklingsnámsskrá. Hún er utan þessa plaggs og unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi nemenda eftir því sem við á.



I. Íslenska

Námshæfni – viðmið og mat

Mat á námshæfni felur í sér að meta árangur nemenda í íslensku í lok námstíma. Þau byggjast á (a) viðmiðum og (b) kvarðanum A-D til að meta viðmiðin sem liggja til grundvallar námsmati í lok skólaárs.

a. Viðmið um námshæfni í íslensku

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnispættir:	Viðmið um námshæfni í íslensku
<i>Talað mál, hlustun og áhorf:</i>	<p data-bbox="395 557 722 589"><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt sér leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu • nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar og geti flutt mál sitt úr ræðustóli • hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni • nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt á gagnrýninn hátt • átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi
<i>Lestur og bókmenntir:</i>	<ul style="list-style-type: none"> • lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi, m.a. valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur • greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða • gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því • lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta • beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð • notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum • leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis og tekið gagnrýna afstöðu til þess • unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt og nýtt sér • valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa
<i>Ritun:</i>	<ul style="list-style-type: none"> • skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær • beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar



**Efnispættir: Viðmið um námshæfni í íslensku**

Við lok árgangs geti nemandi:

- tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og verið óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun
- beitt reglum um réttiritun og náð góðu valdi á stafsetningu
- gert sér grein fyrir mikilvægi þess að skila af sér rétt stafsettum og viðeigandi uppsettum texta
- skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi
- notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um
- skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, geri sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann

Málfræði:

- beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess
- valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun
- flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðaböngum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna
- áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra
- notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gert sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni
- gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Áttað sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekki til helstu framburðarmállýskna
- áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að íslenska sem önnur tungumál breytist
- áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap
- gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og geti nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum



b. Matsviðmið og matskvarði fyrir námshæfni í íslensku

Eftirfarandi viðmið um hæfni nemanda í lok námsins og mynda grunn að mati á námi hans eftir skólaárið, hvort sem matið er fyrir námssviðið í heild sinni eða einstakar námsgreinar innan þess.

Matskvarði	Matsviðmið fyrir námshæfni í íslensku
A	<p>Nemandi getur flutt mál sitt mjög skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni. Hlustað af athygli og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu. Getur notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram á sjálfstæðan hátt rökstutt mat á viðkomandi efni.</p> <p>Lesið mjög vel og af öryggi almenna texta, með mjög góðum skilningi og túlkun á efni þeirra, fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir á gagnrýninn hátt og gert sér góða grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.</p> <p>Beitt skipulegum og mjög góðum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar af öryggi og á skýran hátt. Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu af öryggi og fylgt mjög vel viðmiðum um uppbyggingu texta.</p> <p>Beitt mjög vel og af öryggi málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess, þekkingu sinni á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér mjög góða grein fyrir hlutverki þeirra.</p>
B	<p>Nemandi getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni. Hlustað og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu, og notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram rökstutt mat á viðkomandi efni.</p> <p>Lesið almenna texta, með góðum skilningi og túlkun á efni þeirra, fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér góða grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.</p> <p>Beitt skipulegum og góðum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar á skýran hátt. Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu af nokkru öryggi og fylgt vel viðmiðum um uppbyggingu texta.</p> <p>Beitt málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess, og beitt af nokkru öryggi þekkingu sinni á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér góða grein fyrir hlutverki þeirra.</p>
C	<p>Nemandi getur flutt mál sitt sæmilega skýrt og nokkuð áheyrilega, með áherslum sem hæfa efni og tilefni. Hlustað og nýtt sér að nokkru leyti upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu, og notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram sæmilegt mat á viðkomandi efni.</p> <p>Lesið almenna texta, með sæmilegum skilningi og túlkun á efni þeirra, fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.</p> <p>Beitt að vissu marki góðum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar, beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu sæmilega og fylgt viðmiðum um uppbyggingu texta.</p> <p>Beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins. Beitt að nokkru leyti þekkingu sinni á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér sæmilega grein fyrir hlutverki þeirra.</p>
D	<p>Nemandi hefur ekki náð viðmiðum námshæfni sem skilgreint er undir matskvarða C og er ekki skilgreint frekar. Í sumum tilvikum fær nemandi fyrir vikið einstaklingsnámskrá með eigin, persónulegum viðmiðum um námshæfni.</p>



Íslenska

I.I. Talað mál, hlustun og áhorf

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við skólanámskrá og aðalnámskrá grunnskóla.

Tímafjöldi ≈ 1tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Nemendur komi reglulega í ræðustól og flytji verkefni fyrir bekkinn
- Nemendur flytji jafnhliða verkefni sem þeir hafa samið sjálfir sem og upplestur ýmissa texta og ljóða
- Nemendur hlusta á upplesinn texta bæði frá kennara og samnemendum
- Nemendur horfa á útgefið efni, s.s. fræðsluþætti og upplestur
- Nemendur lesa mismunandi textagerðir
- Nemendur semja mismunandi ræðutegundir s.s. rökfærsluræður og flytja fyrir bekkinn
- Nemendur þjálfist í að tala með og á móti ákveðnu efni

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Gísla saga Súrssonar, Sígildar sögur, „Mér er í mun ...“, islendingasögur.is, hlustunarefni af vef, ritunarverkefni, Ég man þig, Logar*

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt:

- Innlögn kennara á skipulagi kennslustundar og á ákveðnum námsþáttum
- Einstaklingsvinna
- Paravinna
- Hópvinna
- Umræður
- Kynning verkefna á ýmsa vegu s.s. úr ræðustól, leikrænt o.fl.
- Netleit
- Komið til móts við þarfir nemenda eftir því sem við á með það að leiðarljósi að auka hæfni hvers og eins

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Leiðsagnarmat, þar sem kennari metur nemendur fyrir flutning, framkomu, hlustun og þátttöku í hinum ýmsu verkefnum. Jafningjamat þar sem bekkjarfélagar meta hvern annan
- Vorpróf þar sem nemendur flytja texta með eða á móti ákveðnu málefni, undir stjórn fundarstjóra, þar sem kennari og prófdómari meta nemendur
- Komið verður til móts við þarfir nemenda eftir því sem við verður komið, t.d. með styttri ræðum, með því láta þá flytja einslega og með rýmri próftíma
- Símat



I.2. Lestur og bókmenntir

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við skólanámskrá og aðalnámskrá grunnskóla.

Tímafjöldi: ≈ 3-4 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Nemendur lesa mismunandi textategundir með athygli og sjónum er beint að bókmenntagreiningu og þeir læra að taka úr textanum það sem skiptir máli
- Nemendur lesa íslenskar og erlendar bókmenntir og vinna fjölbreytt verkefni tengd bókmenntatextum, s.s. svara spurningum úr texta, útbúa spurningar, vinna myndasögu, búa til stuttmyndir og nýta tónlist og leikræna tjáningu við túlkun efnis
- Nemendur fjalla um bókmenntir ýmissra íslenskra höfunda frá 13. öld til nútímans
- Nemendur lesa ljóð og greina þau
- Nemendur vinna fjölbreytileg verkefni tengd hinum ýmsu textategundum
- Nemendur nýta sér mismunandi lestraraðferðir, s.s. hljóðlestur og upplestur, gagnvirkan lestur og paralestur
- Nemendur sjá heimildabætti og leiknar myndir tengdar bókmenntum
- Nemendur lesa taxta og greina grunnhugtök bókmenntafræðinnar
- Nemendur lesa heima að lágmarki 30 bls. á viku allan veturinn
- Nemendur gera útdrátt úr textum

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Kennslubók í málvísi og ljóðlist, Íslendingabættir, „Mér er í mun ...“, Logar, Sígildar sögur, Ég man þig, Frjálslestrarbækur/kjörbækur., íslendingasögur.is, nams.is, skolvafurinn.is og annað efni af vef, ritunarverkefni, Gísla saga Súrssonar, Grafarþögn

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt:

- Innlögn kennara á skipulagi kennslustundar og á ákveðnum námsþáttum.
- Einstaklingsvinna
- Paravinna
- Hópvinna
- Umræður
- Kynning verkefna á ýmsa vegu s.s. úr ræðustól, myndrænt, leikrænt o.fl.
- Netleit
- Komið til móts við þarfir nemenda eftir því sem við á með það að leiðarljósi að auka hæfni hvers og eins

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Leiðsagnarmat, einstaklings-, para- eða hóppróf, einstaklings-, para- eða hópverkefni
- Jafningjamat þar sem bekkjarfélagar meta hvern annan
- Komið verður til móts við þarfir nemenda eftir því sem við verður komið, t.d. með styttri og/eða léttari lestextum, aðstoð við heimanám og rýmri próftíma
- Símat
- Lesskilningspróf að vori



I.3. Ritun

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við skólanámskrá og aðalnámskrá grunnskóla.

Tímafjöldi: ≈ 1tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Nemendur rífa upp helstu réttitunarreglur og þjálf þær
- Nemendur vinna að ritun mismunandi textagerða s.s. rökfærslu- og stíllitgerðir
- Nemendur skrifa texta að eigin vali er tengjast hugðarefnum þeirra og fá þannig tækifæri til skapa frjálst og óhikað texta frá eigin brjósti
- Nemendur þjálfast í að semja ræður þar sem þeir þurfa að finna rök með og á móti ákveðnu málefni
- Nemendur gera útdrátt úr textum
- Nemendur vinni verkefni skriflega og í ritvinnslu
- Nemendur læra að skrá heimildir svo sem reglur kveða á um
- Nemendur lesa fjölbreyttar textategundir sem þeir geta nýtt í eigin ritun og fyrir mismunandi markhópa

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Skrifinnur, Finnur III, Logar, „Mér er í mun ...“, Ég man þig, Beinagrindur, Sígildar sögur, Frjálslestrarbækur/kjörbækur, islendingasögur.is, nams.is, skolavefurinn.is og annað efni af vef, ritunarverkefni

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Innlögn kennara á skipulagi kennslustundar og á ákveðnum námsþáttum
- Einstaklingsvinna
- Paravinna
- Hópvinna
- Umræður
- Kynning verkefna, ýmist úr ræðustól eða sæti
- Netleit
- Komið til móts við þarfir nemenda eftir því sem við á með það að leiðarljósi að auka hæfni hvers og eins.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Leiðsagnarmat, einstaklings-, para- og/eða hóppróf, einstaklings-, para- og/eða hópverkefni.
- Komið verður til móts við þarfir nemenda eftir því sem við verður komið, t.d. með styttri og/eða léttari ritunarverkefnum og heimanámi
- Símat
- Stafsetningarpróf að vori



I.4. Málfræði

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við skólanámskrá og aðalnámskrá grunnskóla.

Tímafjöldi: ≈ 1-2 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Nemendur vinna ýmsar málfræðiæfingar til að rækta orðaforðann og nýta reglur um orðflokka, orðmyndun o.fl. við stafsetningu og ritun
- Nemendur þjálfast í að þekkja algeng orðtök og málshætti með því að vinna sértæk verkefni
- Nemendur læri að þekkja mismunandi framburðareinkenni í íslensku og hvar þau er að finna
- Nemendur vinna skapandi verkefni þar sem nemendur þjálfast í nýyrðasmíð og orðaleikjum
- Nemendur vinna verkefni sem þjálfar mismunandi málsnið
- Nemendur æfist í að nota handbækur s.s. Málvísi og orðabækur til að læra og tileinka sér grunnhugtök málfræðinnar
- Nemendur kynnast notkun á rafrænum orðabönkum og hvernig hægt er að nýta málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Gullvör, Finnur III, Logar, Málvisir, Skrifinnur, Ljósritað efni, Íslensk orðabók, Réttitunarorðabókin og handbækur, nams.is, skolavefurinn.is, malid.is og malidimark.is

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt:

- Innlögn kennara á skipulagi kennslustundar og á ákveðnum námsþáttum
- Einstaklingsvinna
- Paravinna
- Hópvinna
- Umræður
- Kynning verkefna á ýmist úr ræðustól eða sæti
- Netleit
- Komið til móts við þarfir nemenda eftir því sem við á með það að leiðarljósi að auka hæfni hvers og eins

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Leiðsagnarmat, einstaklings-, þara- eða hóppróf, einstaklings-, þara- eða hópverkefni
- Komið verður til móts við þarfir nemenda eftir því sem við verður komið, t.d. með styttri og/eða léttari ritunarverkefnum og heimanámi
- Símat

Skólaeinkunn að vori byggir á hæfni- og matsviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla.



2. Erlend tungumál

a. Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum

Hlustun: I. stig

Hæfniviðmið: Geti skilið einfalt talað mál, algeng orð og einfaldar setningar um efni er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt og áheyrilega.

Lýsandi viðmið:

- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum
- Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, myndmiðlum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni

Lesskilningur: I. stig

Hæfniviðmið: Lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum.

Lýsandi viðmið:

- Geti lesið kunnugleg nöfn, orð og mjög einfaldar setningar
- Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum
- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu
- Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni

Samskipti: I. stig

Hæfniviðmið: Geti haldið uppi einföldum samræðum um kunnugleg málefni með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaforða og kann að beita algengustu kurteisisvenjum.

Lýsandi viðmið:

- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst
- Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu
- Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar

Frásögn: I. stig

Hæfniviðmið: Geti í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaforða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum.

Lýsandi viðmið:

- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt
- Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa

Ritun: I. Stig

Hæfniviðmið: Skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerki, eins og punkta og spurningarmerki.

Lýsandi viðmið:

- Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista
- Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi



- Samið stutt skilaboð eða texta frá eigin brjósti með stuðningi
- Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst

Menningarlæsi: 1. stig

Hæfniviðmið: Geti sýnt fram á skilning á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu.

Lýsandi viðmið:

- Sýnt fram á að hann þekki nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins t.d. staðhátta og þekkra staða. Þekki til þátta sem einkenna barna- og unglingamenningu viðkomandi málsvæðis.
- Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir

Námshæfni: 1. stig

Hæfniviðmið: Geti sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf.

Lýsandi viðmið:

- Geti beitt sjálfsmati með stuðningi kennara
- Geti tengt ný viðfangsefni eigin reynslu sína og þekkingu
- Geti tekið þátt í hóp- og paravinnu
- Geti nýtt sér hjálpartæki

Hlustun: 2. stig

Hæfniviðmið: Geti skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega.

Lýsandi viðmið:

- Geti tileinkað sér aðalatriði venjulegs talmáls um efni tengt daglegu lífi
- Geti fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og dægurmenningu sem höfðar til hans. Geti hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, t.d. tilkynningum og leiðbeiningum og brugðist við

Lesskilningur: 2. stig

Hæfniviðmið: Geti lesið sér til gagns og ánægju auðlesinn texta um daglegt líf og áhugamál.

Lýsandi viðmið:

- Geti skilið megininntak aðgengilegra frásagna og nýtt sér til frekari vinnu og geti fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu
- Lesið sér til gagns og ánægju auðlesinn texta

Samskipti: 2. stig

Hæfniviðmið: Sýnt fram á að nemandinn er nokkuð vel samræðuhæfur um málefni sem hann þekkir vel. Geti beitt nokkuð réttu máli og framburði.

Skilji og noti algengustu orðasambönd úr daglegu máli og geti beitt viðeigandi kurteisis- og samskiptavenjum. Geti gert sig skiljanlegan með látbragði.

Lýsandi viðmið:

- Geti bjargað sér við almennar aðstæður t.d. í verslunum, á veitingastöðum og ferðalögum
- Geti notað málið í kennslustundum
- Geti tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál slín og daglegt líf



Frásögn: 2. stig

Hæfniviðmið: Geti tjáð sig nokkuð áheyrilega um málefni sem viðkemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri. Geti beitt tungumálinu á nokkuð skiljanlegan hátt hvað varðar reglur um málnotkun, framburð og orðaval.

Lýsandi viðmið:

- Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.
- Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, einn eða í félagi við aðra

Ritun: 2. stig

Hæfniviðmið: Geti skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir. Geti beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á góð tók á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með. Geti skapað samhengi í texta og notað til þess tengiorð og greinarmerki.

Lýsandi viðmið:

- Geti nýtt sér þann orðaforða sem unnið hefur verið með
- Geti skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi og samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín
- Geti fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu
- Geti fylgt grunnreglum um málnotkun og helstu hefðum varðandi uppbyggingu texta

Menningarläsi: 2. stig

Hæfniviðmið: Get sýnt fram á að hann þekki til ákveðinna lykileinkenna um mannlíf og menningu á viðkomandi málsvæði. Geri sér grein fyrir hvað er líkt og ólíkt hans eigin aðstæðum og geti sett sig í spor jafnaldra.

Lýsandi viðmið:

- Þekki til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og geti borið saman við eigin menningu
- Geti áttað sig á skyldleika erlenda málsins við móðurmálið

Námshæfni: 2. stig

Hæfniviðmið: Geti sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bættu þar sem þess gerist þörf.

Lýsandi viðmið:

- Geti tekið þátt í samvinnu um ýmis viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi
- Geti beitt lykilmálsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorða ef hann vantar orð

Hlustun: 3. stig

Hæfniviðmið: Geti fyrirhafnarlítið tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg.

Lýsandi viðmið:

- Geti tileinkað sér aðalatriði venjulegs talmáls, ásamt efni í fjöl- og myndmiðlum sem eru innan áhuga, náms og þekkingarsviðs, brugðist við, sagt frá, unnið úr eða nýt sér á annan hátt
- Geti hlustað eftir nákvæmum upplýsingum. Geti valið úr þær upplýsingar sem við á og unnið úr þeim



Lesskilningur: 3. stig

Hæfniviðmið: Geti lesið sér til gagns og ánægju almennan texta af ýmsum toga með nokkuð fjölbættum orðaforða.

Lýsandi viðmið:

- Aflað sér upplýsinga úr ólíkum textum. Greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýt sér til frekari vinnu
- Lesið rauntexa sér til fróðleiks, t.d. úr dagblöðum og brugðist við efni þeirra
- Lesið sér til gagns og gamans smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki

Samskipti: 3. stig

Hæfniviðmið: Sýnt fram á að nemandinn er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og kann að beita viðeigandi kurteisis- og samskiptavenjum og ólíkum aðferðum til að gera sig skiljanlegan og skilja aðra, t.d. með því að umorða.

Lýsandi viðmið:

- Tekist á við mismundandi aðstæður í almennum samskiptum og fært rök fyrir máli sínu. Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda
- Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn, um efni sem hann er vel heima í
- Tekist á við margskonar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. sem gestgjafi eða netsamskiptum

Frásögn: 3. stig

Hæfniviðmið: Geti tjáð sig áheyrilega um málefni sem nemandinn þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð og orðaval.

Lýsandi viðmið:

- Flutt undirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu. Sagt skoðun sína á því og búist við spurningum

Ritun: 3. stig

Hæfniviðmið: Geti skrifað lipran, samfelldan texta um efni sem hann hefur þekkingu og/eða áhuga á. Sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar og uppbyggingu texta.

Lýsandi viðmið:

- Geti skrifað og brugðist við ýmsum textagerðum, bæði formlegum og óformlegum
- Geti tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu
- Geti leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín
- Geti fylgt reglum um málnotkun og hefðir varðandi uppbyggingu á texta
- Geta nýtt sér þann orðaforða sem við á og notað tengiorð við hæfi

Menningarläsi: 3. stig

Hæfniviðmið: Get sýnt fram á að hann þekki til og geti aflað sér upplýsinga um mannlíf og menningu á viðkomandi málsvæði. Geri sér grein fyrir hvað er líkt og ólíkt hans eigin aðstæðum.

Lýsandi viðmið:

- Þekki til þjóðfélagseinkenna og aflað sér upplýsinga um hvað er efst á baugi hverju sinni
- Átti sig á fjölbreytileika samfélagsins hvað varðar uppruna og áhrif fordóma
- Geti greint helstu afbrigði tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, breska, skoska, ameríska, ástralska





Námshæfni: 3. stig

Hæfniviðmið: Geti sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt á markvissan hátt og lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu.

Lýsandi viðmið:

- Geti beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati og veitt sanngjarna endurgjöf
- Geti unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn
- Geti nýtt sér öll helstu hjálpartæki

b. Matsviðmið og matskvarði fyrir námshæfni í erlendum tungumálum

Eftirfarandi viðmið um hæfni nemanda í lok námsins og mynda grunn að mati á námi hans eftir skólaárið, í erlendum tungumálum.

Matskvarði	Matsviðmið fyrir námshæfni í erlendum tungumálum
A	<p>Nemandi getur sýnt fram á að hann skilur mjög vel og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni í aðstæðum sem hann þekkir.</p> <p>Hefur tileinkað sér mjög fjölbreyttan orðaforða og getur fyrirhafnarlítið lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga um margvísleg málefni.</p> <p>Er mjög vel samræðuhæfur, beitir eðlilegu máli, framburði, áherslum og hrynjandi af öryggi. Notar markvisst algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og getur tjáð sig lipurlega og áheyrilega um málefni sem hann þekkir.</p> <p>Getur skrifað skýran og skilmerkilegan samfelldan texta um efni sem hann þekkir, fylgt af öryggi reglum um málnotkun og hefðir varðandi uppbyggingu texta og hagnýtt sér markvisst þann orðaforða sem unnið hefur verið með.</p> <p>Sýnir fram á að hann þekkir mjög vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér mjög góða grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum.</p>
B	<p>Nemandi getur sýnt fram á að hann skilur vel og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni í aðstæðum sem hann þekkir.</p> <p>Hefur tileinkað sér nægilega góðan orðaforða til að geta lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga um margvísleg málefni.</p> <p>Er vel samræðuhæfur, beitir eðlilegu máli, framburði, áherslum og hrynjandi. Notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og getur tjáð sig nokkuð áheyrilega um málefni sem hann þekkir.</p> <p>Getur skrifað lipran, samfelldan texta á um efni sem hann þekkir, sýnt fram á góð tók á orðaforða og meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi.</p> <p>Þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér góða grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum.</p>
C	<p>Nemandi getur sýnt fram á að hann skilur sæmilega vel og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni í aðstæðum sem hann þekkir.</p> <p>Hefur tileinkað sér viðunandi orðaforða til að geta lesið sér til gagns og ánægju, með nokkurri fyrirhöfn þó, almenna texta af ýmsum toga og um margvísleg málefni.</p> <p>Er sæmilega samræðuhæfur og beitir reglum málsins, framburði, áherslum og hrynjandi á viðunandi hátt og kann að nota algengustu föstu orðasamböndin úr daglegu máli og getur tjáð sig sæmilega um málefni sem hann þekkir.</p> <p>Getur skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, fylgt grunnreglum um málnotkun og helstu hefðum varðandi uppbyggingu texta og hagnýtt sér þann orðaforða sem unnið hefur verið með,</p> <p>Getur sýnt fram á að hann þekkir til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum.</p>



Matskvarði	Matsviðmið fyrir námshæfni í erlendum tungumálum
D	Nemandi hefur ekki náð viðmiðum námshæfni sem skilgreint er undir matskvarða C og er ekki skilgreint frekar. Í sumum tilvikum fær nemandi fyrir vikið einstaklingsnámskrá með eigin, persónulegum viðmiðum um námshæfni.

2.1. Enska

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Kennslan í ensku byggir á aðalnámskrá frá 2014.

Kennslustundir á viku: 4

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Kafla 1 – Growing up
- Kafla 2 – Ireland
- Kafla 3 – A sense of fear
- Kafla 4 – Voices of English
- Kafla 6 – South Africa

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Spotlight 10 – lestrar og vinnubók.
- Kjörbók að eigin vali.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í tungumálakennslunni er unnið með eftirfarandi færniþætti:

- **Hlustun:** Nemendur hlusta á markmálið (m.a. þar til gerðar hlustunaræfingar).
- **Lesskilningur:** Nemendur lesa á markmálinu texta sér til gagns og ánægju.
- **Ritun:** Nemendur skrifa texta á markmálinu á samfelldu máli.
- **Samskipti og frásögn:** Nemendur eru hvattir til að nota tungumálið sem samskiptamiðil í kennslustundum. Um er að ræða undirbúið og óundirbúið talmál.
- **Menningarlæsi:** Kennsluefni miðast við að fræða nemendur um daglegt líf fólks í landi markmálsins.
- **Námshæfni:** Nemendur eru hvattir til að setja sér raunhæf persónuleg markmið sem stuðla að framförum í náminu. Þá er um að ræða para- og hópavinnu.

Kennslan:

Í meginatriðum er gengið út frá einstaklingsmiðuðu námi.

- Einstaklingsmiðað nám. Leitast er við að aðlaga námsefnið að þörfum nemenda og áhuga þeirra, sérstaklega hvað varðar ritun og frásögn og samskipti.
- Hópkennsla: Lestur texta, hlustun á sögur og hlustunaræfingar.
- Málfræði.
- Orðaforðaverkefni.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

- Leiðsagnarmat.
- Könnun í orðaforða og málfræði.
- Bókmenntir/ lesskilningsverkefni og ritun.
- Stutt ritgerð.
- Samskipti og frásögn (MM).

Allt ofantalið er metið til einkunnar. Framvinda náms er metin samkv. viðmiðum námskrár.



2.2. Danska og önnur Norðurlandamál

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Kennslan í dönsku byggir á aðalnámskrá frá 2014.

Kennslustundir á viku: 4

i. Viðfangsefni í náminu

- Skoleliv
- Sport og motion
- Spis dig glad!
- Livsstil
- Kriminalitet
- Kommunikation
- Du og jeg og resten af verden
- Fremtidsdrømme

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Ekko – lestrar- og vinnubók með hlustunaræfingum
- Ýmislegt ítarefni
- Sjónvarpsþættir og bíómynd með dönsku tali og texta
- Smásaga
- Málfræði

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í tungumálakennslunni er unnið með eftirfarandi færniþætti:

- **Hlustun:** Nemendur hlusta á markmálið (m.a. þar til gerðar hlustunaræfingar og sjónvarpsefni)
- **Lesskilningur:** Nemendur lesa á markmálinu texta sér til gagns og ánægju
- **Ritun:** Nemendur skrifa texta á markmálinu á samfelldu máli
- **Samskipti og frásögn:** Nemendur eru hvattir til að nota tungumálið sem samskiptamiðil í kennslustundum. Um er að ræða undirbúið og óundirbúið talmál
- **Meningarlæsi:** Kennsluefni miðast við að fræða nemendur um daglegt líf fólks í landi markmálsins
- **Námshæfni:** Nemendur eru hvattir til að setja sér raunhæf persónuleg markmið sem stuðla að framförum í náminu. Þá er um að ræða þara- og hópavinnu

Kennslan:

Í meginatriðum er gengið út frá einstaklingsmiðuðu námi.

- *Einstaklingsmiðað* nám. Leitast er við að aðlaga námsefnið að þörfum nemenda og áhuga þeirra, sérstaklega hvað varðar ritun og frásögn og samskipti
- Hópkennsla: Lestur texta, hlustun á sögur og hlustunaræfingar
- Málfræði
- Orðaforðaverkefni
- Sjónvarpsefni

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

- Leiðsagnarmat
- Könnun í orðaforða og málfræði
- Bókmenntir/lesskilningsverkefni og ritun
- Stutt ritgerð
- Samskipti og frásögn (MM)
- Lotupróf að vori

Allt ofantalið er metið til einkunnar. Framvinda náms er metin samkvæmt viðmiðum námskrár.



4.0 Náttúrugreinar

Námshæfni – viðmið og mat

Mat á námshæfni felur í sér að meta árangur nemenda í náttúrugreinum í lok námstíma. Þau byggjast á (a) viðmiðum og (b) kvarðanum A-D til að meta viðmiðin sem liggja til grundvallar námsmati í lok skólaárs.

a. Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnispættir:	Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum <i>Við lok árgangs geti nemandi</i>
Geta til aðgerða:	<ul style="list-style-type: none"> greint og sagt frá hvernig tækninotkun, sjálfvirkni og þekking samfélagsins getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra greint stöðu mála í eigin umhverfi og komið hugmyndum sínum um lausnir eða bætingu á framfæri tekið þátt í samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða náttúru og samfélag tekið afstöðu og gert grein fyrir henni til málefna sem varða umhverfið með því að veга og meta þá kosti sem koma til greina
Nýsköpun og hagnýting þekkingar:	<ul style="list-style-type: none"> gert grein fyrir hvernig niðurstöður rannsókna hafa áhrif á tækni og á atvinnuhætti í heimabyggð dregið upp mynd af því hvernig menntun og þjálfun nýtist í störfum nútímans
Gildi og hlutverk vísinda og tækni:	<ul style="list-style-type: none"> greint og sagt frá niðurstöðum rannsókna og nýtt sér þær til að útskýra hluti og fyrirbæri lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum ásamt því að geta beitt algengustu hugtökunum fyrir sér í samræðum skýrt með dæmum hvernig tækni og vísindi hafa áhrif á líf fólks unnið með þekkingu og með vinnubrögðum í náttúrufræði við lausn annarra verkefna og útskýrt og gagnrýnt hugsanleg áhrif nýrrar tækni
Vinnubrögð og færni:	<ul style="list-style-type: none"> framkvæmt og útskýrt athuganir úti og inni lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir leiðbeiningum aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum, við öflun einfaldra upplýsinga og útskýrt ferlið kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, netið og aðrar upplýsingaveitur gefið skýringar á og rökstutt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt dregið ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn í náttúruvísindum
Ábyrgð á umhverfinu:	<ul style="list-style-type: none"> tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru ásamt því að sýna umhverfinu umhyggju skoðað og skráð atburði eða fyrirbæri sem snerta samspil manns og umhverfis á Íslandi og sagt frá og gagnrýnt hugsanlega þróun í framtíðinni tekið þátt í umræðum á eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar og mannsins og tekið dæmi úr eigin lífi tekið þátt í að skoða og skilgreina stöðu umhverfismála á Íslandi

<i>Að búa á jörðinni:</i>	<ul style="list-style-type: none"> • útskýrt og rætt ástæður náttúruverndar á Íslandi • útskýrt hvernig Ísland byggist upp og breytingar á landnotkun og hvernig það tengist jarðvegseyðingu og orkuframleiðslu • útskýrt árstíðabundið veðurlag og loftslagsbreytingar, ástæður og afleiðingar
<i>Lífsskilyrði manna:</i>	<ul style="list-style-type: none"> • útskýrt tengsl heilbrigðis og neyslumynsturs einstaklinga • rætt hvað einkennir lífsskilyrði manna og hverjir eru helstu áhættuþættir daglegs lífs • rökrætt umhverfismál frá ólíkum sjónarhornum, er tengjast vatni, vatnsnotkun og sjó • lýst hringrás lífs og hugmyndum um uppruna og þróun lífs á jörðinni • útskýrt ljóstíllífun og hvaða áhrif hún hefur á jörðina • útskýrt hvernig fóstur verður til og þroskast, hvað felst í ábyrgri kynhegðun og rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði, bæði sín og annarra
<i>Náttúra Íslands:</i>	<ul style="list-style-type: none"> • útskýrt flokka lífvera eftir skyldleika, ein- og fjölfrumunga, að erfðir ráðast af genum og hvernig íslenskar lífverur hafa aðlagast mismunandi aðstæðum • útskýrt þarfir ólíkra lífvera í ólíkum vistkerfum • útskýrt hugmyndir um náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika • lýst mismunandi leiðum við framleiðslu og dreifingu orku á Íslandi og nýtingu hennar
<i>Heilbrigði umhverfisins:</i>	<ul style="list-style-type: none"> • gert grein fyrir nýtingu manna á auðlindum í tengslum við sjálfbæra þróun • útskýrt tilgang flokkunar úrgangs • sagt fyrir um þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita
<i>Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu:</i>	<ul style="list-style-type: none"> • útskýrt mismunandi tegundir geislunar og hvernig þær eru notaðar í fjarskiptum og lækningum • útskýrt einfaldar rafrásir og tengsl rafmagns og segulmagns • útskýrt forsendur vistvænnar hönnunar • fjallað á gagnrýninn hátt um aukafni í mat og aðferðir til að auka geymsluþol matvæla

b. Matsviðmið og matskvarði fyrir námshæfni í náttúrugreinum

Eftirfarandi viðmið um hæfni nemanda í lok námsins og mynda grunn að mati á námi hans eftir skólaárið, hvort sem matið er fyrir námssviðið í heild sinni eða einstakar námsgreinar innan þess.

Matskvarði	Matsviðmið fyrir námshæfni á námssviðinu
A	<p>Nemandi getur greint og útskýrt á sjálfstæðan og greinagóðan hátt, hvernig þættir eins og tæknistig, þekking, kostnaður og grunnkerfi samfélagsins hafa áhrif á hvaða lausn viðfangsefna er valin hverju sinni. Útskýrt og rætt á gagnrýninn hátt afstöðu sína og niðurstöður af aðgerðum er varða náttúru og samfélag. Skipulega og fyrirhafnarlítið unnið eftir verkferli nýsköpunar, þ.e. leitað að þörfum í umhverfi fólks, fundið lausn og hannað afurð, einn eða með öðrum. Metið og greint á skýran og sjálfstæðan hátt upplýsingar um vísinda- og tækniþróun, útskýrt á greinagóðan hátt áhrif þeirra á daglegt líf fólks og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta tengdum sjálfum sér, einstaklingum, samfélagi, náttúru, umhverfi og tækni. Á greinagóðan hátt beitt algengum hugtökum og heitum í náttúrugreinum í ólíku samhengi. Framkvæmt mjög vel og útskýrt athuganir úti og inni. Gefið greinagóðar skýringar og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum. Dregið skipulega og á skýran hátt ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn. Greint og útskýrt á skýran hátt texta um náttúrufræði, umorðað hann, tjáð sig og túlkað á sjálfstæðan hátt myndefni sem tengist honum. Greint og rökrætt dæmi</p>





Mats- kvarði	Matsviðmið fyrir námshæfni á námssviðinu
	í umhverfi sínu og gert góða grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru. Rökrætt af góðum skilningi, eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélagsins og útskýrt dæmi úr eigin lífi.
B	Nemandi getur greint vel hvernig þættir, eins og tæknistig, þekking, kostnaður og grunnkerfi samfélagsins hafa áhrif á hvaða lausn viðfangsefna er valin hverju sinni. Útskýrt og rætt afstöðu sína og niðurstöður af aðgerðum er varða náttúru og samfélag. Unnið skipulega eftir verkferli nýsköpunar, þ.e. leitað að þörfum í umhverfi fólks, fundið lausn og hannað afurð, einn eða með öðrum. Metið og greint á skýran hátt upplýsingar um vísinda- og tækniþróun, útskýrt áhrif þeirra á daglegt líf fólks og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta tengdum sjálfum sér, einstaklingum, samfélagi, náttúru, umhverfi og tækni. Á skýran hátt beitt algengum hugtökum og heitum í náttúrugreinum í ólíku samhengi. Framkvæmt vel og útskýrt athuganir úti og inni. Gefið góðar skýringar og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum. Dregið á skýran hátt ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn. Greint og útskýrt texta um náttúrufræði, umorðað hann, tjáð sig og túlkað á skýran hátt myndefni sem tengist honum. Greint og rætt dæmi í umhverfi sínu. Gert góða grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru. Rætt af góðum skilningi eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélagsins. Greint og rætt dæmi í umhverfinu og útskýrt dæmi úr eigin lífi.
C	Nemandi getur greint að nokkru leyti hvernig þættir, eins og tæknistig, þekking, kostnaður og grunnkerfi samfélagsins, hafa áhrif á hvaða lausn viðfangsefna er valin hverju sinni. Útskýrt að vissu marki afstöðu sína og niðurstöður af aðgerðum er varða náttúru og samfélag. Unnið nokkuð vel eftir verkferli nýsköpunar, þ.e. leitað að þörfum í umhverfi fólks, fundið lausn og hannað afurð undir leiðsögn. Metið upplýsingar um vísinda- og tækniþróun, útskýrt áhrif þeirra á daglegt líf fólks og tekið afstöðu til siðferðilegra þátta tengdum sjálfum sér, einstaklingum, samfélagi, náttúru, umhverfi og tækni. Beitt algengum hugtökum og heitum í náttúrugreinum í ólíku samhengi. Framkvæmt nokkuð vel og rætt athuganir úti og inni. Gefið skýringar og rætt valið efni úr athugunum og heimildum og dregið ályktanir af gögnum. Greint og rætt texta um náttúrufræði, umorðað hann, tjáð sig og túlkað myndefni sem tengist honum nokkuð vel. Greint dæmi í umhverfi sínu og gert nokkuð vel grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru. Sagt frá eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélagsins og tekið dæmi úr eigin lífi.
D	Nemandi hefur ekki náð viðmiðum námshæfni sem skilgreint er undir matskvarða C og er ekki skilgreint frekar. Í sumum tilvikum fær nemandi fyrir vikið einstaklingsnámskrá með eigin, persónulegum viðmiðum um námshæfni.



Náttúrufræði

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 3 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

- Rafmagn
- Rafmagn og segulmagn
- Hljóð
- Ljós
- Kjarneldisfræði
- Orkuöflun mannkyns
- Erfðir og erfðaeefni
- Þróun lífsins
- Ljóstillifun og bruni
- Vistfræði
- Umhverfið okkar
- Umhverfismennt

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Eðlisfræði 1
- Eðlisfræði 2
- Eðlisfræði 3
- Maður og náttúra
- Fræðslumyndir
- Ítarefni af vef
- Ýmsir námsvefir
- Heil og sæl þemahefti
- Um víða veröld - Jörðin

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Námið fer fram í kennslustundum.
- Umræður og hópvinna

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur vinna að verkefnum og taka þátt í tímum

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Leiðsagnarmat er viðhaft, þar sem verkefni, próf og þátttaka og virkni í tímum metin.



5. Samfélagsgreinar

Námshæfni – viðmið og mat

Mat á námshæfni felur í sér að meta árangur nemenda í samfélagsgreinum í lok námstíma. Þau byggjast á (a) viðmiðum og (b) kvarðanum A-D til að meta viðmiðin sem liggja til grundvallar námsmati í lok skólaárs.

a. Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnisþættir:	Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum
	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i>
Reynsluheimur: (Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann)	<ul style="list-style-type: none">• sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs• sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf• aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi• rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni• gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum• útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis• útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheiminn• greint hvernig stjórnmal og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga• útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélagið og tengsl þess við stjórnmal, atvinnulíf og hugmyndastefnur• tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verði gagnrýninn neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags og þeim tilboðum sem eru í boði• útskýrt megineinkenni gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði• greint mynstur mannglegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum• gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors um sig með hliðsjón af sjálfbærri þróun
Hugarheimur: (Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum)	<ul style="list-style-type: none">• hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnmalum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar og lífsviðhorfum• vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmynda og hefur áráði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt• gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess• sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga• rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dyggða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund

Efnispættir: Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum	
Við lok árgangs geti nemandi:	
Félagsheimur: (Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra)	<ul style="list-style-type: none"> • tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu starfi og samræðu • fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhóli • rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum • rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi • útskýrt gildi regna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíka reglur • tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt og beitt sér í málefnum sem varða almannaeið • komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra • sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga

b. Matsviðmið og matskvarði fyrir námshæfni í samfélagsgreinum

Eftirfarandi viðmið um hæfni nemanda í lok námsins og mynda grunn að mati á námi hans eftir skólaárið, hvort sem matið er fyrir námssviðið í heild sinni eða einstakar námsgreinar innan þess.

Matskvarði	Matsviðmið fyrir námshæfni í samfélagsgreinum
A	Nemandi getur sýnt fram á mjög góðan skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf. Á skipulegan, sjálfstæðan og gagnrýninn hátt aflað sér, hagnýtt og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og mismunandi miðlum. Greint og á skýran hátt útskýrt mismunandi hugmyndir um lýðræði, rökstutt á sjálfstæðan og gagnrýninn hátt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir heilbrigða sjálfsvitund og ábyrgð sem borgari og neytandi. Greint og af nákvæmni fjallað um áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmýndar á sjálfstæðan og gagnrýninn hátt og á skipulegan og gagnrýninn hátt fjallað um samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum. Að lokum rökrætt og greint á gagnrýninn og skipulegan hátt stöðu sína, sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat.
B	Nemandi getur sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf. Á skipulegan og sjálfstæðan hátt aflað sér, hagnýtt og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og mismunandi miðlum. Útskýrt mismunandi hugmyndir um lýðræði, rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir heilbrigða sjálfsvitund og ábyrgð sem borgari og neytandi. Greint og fjallað um áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmýndar á sjálfstæðan hátt. Á skipulegan hátt fjallað um samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum. Að lokum rökrætt og greint stöðu sína, sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat.
C	Nemandi getur sýnt fram á sæmilegan skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf. Að vissu marki aflað sér, greint og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og mismunandi miðlum. Lýst mismunandi hugmyndum um lýðræði, að nokkru leyti rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir heilbrigða



Mats- kvarði	Matsviðmið fyrir námshæfni í samfélagsgreinum
	sjálfsvitund og ábyrgð sem borgari og neytandi. Fjallað um áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmynda. Fjallað um samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum. Að lokum greint stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat.
D	Nemandi hefur ekki náð viðmiðum námshæfni sem skilgreint er undir matskvarða C og er ekki skilgreint frekar. Í sumum tilvikum fær nemandi fyrir vikið einstaklingsnámskrá með eigin, persónulegum viðmiðum um námshæfni.

5.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 0,5 kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Samræðuæfingar samþættaðar við annað námsefni í samfélagsgreinum
- Nemendur rökræða hugtök og siðferðisleg og samfélagsleg málefni
- Nemendur æfa sig í að ástunda gagnrýna hugsun í námi og hversdagslífi

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Ýmislegt námsefni tengt gagnrýninni hugsun, samfélagsmálum, jafnrétti, mannréttindum, fjármálum o.fl.
- Að sitja fil: Nám í skóla um hamingju og velferð
- Einkum námsefni í köflum 5.2 og 5.3.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Nemendur æfa sig í að tjá sig, rökræða, ástunda virka hlustun og leita sér upplýsinga og mynda sér skoðun á ýmsum málefnum

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Námsaðlögun er unnin í samráði við foreldra, umsjónarkennara, deildarstjóra og sérkennara eftir því sem við á

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Verkefnavinna og mat á þátttöku í umræðum
- Virkniathugun í kennslustundum þar sem horft er til sjálfsaga, sjálfstrausts og virðingar í samskiptum
- Leiðsagnarmat



5.2. Jafnrétti og lífsleikni

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 0,5 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Mannréttindafræðsla
- Fjármálalæsi
- Sjálfsmyndin, fyrirmyndir og staðalmyndir

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Fjármál fyrir ungt fólk: Hvað kosta ég?
- Leitir að peningunum (hlaðvarp)
- Að sitja fíl: Námið í skóla um hamingju og velferð
- Ýmislegt kennsluefni frá kennara
- Á ferð um samfélagið
- Ýmislegt lesefni og myndefni tengt kynfræðslu

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Umræður, reynslunám og verkefnavinna í kennslustundum
- Verkefnaþáttur náms

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Námsaðlögun er unnin í samráði við foreldra, umsjónarkennara, deildarstjóra og sérkennara eftir því sem við á

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Kennslan er lotuskipt og fer námsmat fram jafnt og þétt í lotunni og einnig lokamat í hverri lotu. Við námsmat er einkum stuðst við verkefnavinnu nemenda og sjálfsaga, sjálfstrausts og virðingu í umræðum í tímum
- Hver og einn einstaklingur getur nálgast viðfangsefni hverrar námslotu á mismunandi hæfniprepi. Viðfangsefni á hærri hæfniprepum reyna meira á færni á sviði gagnrýnninnar hugsunar, sköpunar og sjálfstæðum vinnubrögðum. Í einstaka tilfellum eru matsviðmið aðlöguð að getu og þörfum einstakra nemenda í samráði við foreldra, deildarstjóra, sérkennara og umsjónarkennara ef ástæða þykir til



5.3. Landfræði, saga, og sam-/þjóðfélagsfræði

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum. Tímafjöldi: 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Sjálfsmyndin
- Réttindi og skyldur
- Lýðræði, vald og stjórnskipan
- Ísland og alheimssamfélagið

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Á ferð um samfélagið
- Upplýsingaöflun nemenda
- Ýmist myndefni og efni í fjölmiðlum
- Skólaþing Alþingis
- Verður heimurinn betri?

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Nemendur lesa námsbækur, ýmist í kennslustundum eða heima
- Fjölbreytt verkefnavinna í kennslustundum, ýmist hóp- eða einstaklingsvinna, efnisspurningar og umræður í tíma
- Verkefnamiðað nám

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Hver og einn einstaklingur getur nálgast viðfangsefni hvernar námslotu á mismunandi hæfniprepi. Viðfangsefni á hærri hæfniprepum reyna meira á færni á sviði gagnrýnnar hugsunar, sköpunar og sjálfstæðum vinnubrögðum

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Kennslan er lotuskipt og fer námsmat fram jafnt og þétt í lotunni og einnig lokamat í hverri lotu. Við námsmat er stuðst við kaflapróf, verkefnavinnu nemenda, einstaklingsmat í hópverkefnum og þátttöku í tímum
- Hver og einn einstaklingur getur nálgast viðfangsefni hvernar námslotu á mismunandi hæfniprepi. Viðfangsefni á hærri hæfniprepum reyna meira á færni á sviði gagnrýnnar hugsunar, sköpunar og sjálfstæðum vinnubrögðum. Í einstaka tilfellum eru matsviðmið aðlöguð að getu og þörfum einstakra nemenda í samráði við foreldra, deildarstjóra, sérkennara og umsjónarkennara ef ástæða þykir til



6. Skólaíþróttir

Námshæfni – viðmið og mat

Mat á námshæfni felur í sér að meta árangur nemenda í skólaíþróttum í lok námstíma. Þau byggjast á (a) viðmiðum og (b) matsviðmið og matskvarði sem liggja til grundvallar námsmati í lok annar.

a. Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnisþáttur	Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum fyrir 10. bekk Við lok árgangs geti nemandi:
Heilsa og velferð	<ul style="list-style-type: none"> • fylgt reglum í búningsklefa • tekið þátt í leikjum og leikrænum æfingum sem efla líkamspól, styrk, hraða og viðbragð
Hreyfing og afkastageta	<ul style="list-style-type: none"> • sýnt jákvætt viðhorf og virkni í sundtímum • sýnt jákvætt viðhorf og virkni í íþróttatímum • þekkt undirstöðuatriði helstu íþróttagreina sem stundaðar eru hér á landi • þol – Ástjörn • þol – 3 mín. hlaup • styrkur – kviðkreppur – 30 sek. • samhæfing – sipp – 30 sek. • kraftur – langstökk – án atrennu • snerpa – 10 x 5 m hlaup • synt 600 m bringusund – tímataka • synt 50 m bringusund – stílsund • synt 50 m skriðsund – tímataka • synt 50 m baksund – tímataka • synt 25 m flugsund – tímataka • stungið sér • synt 12 m kafsund
Félagslegir þættir og samvinna	<ul style="list-style-type: none"> • sýnt samnemendum virðingu • sýnt kennara/starfsfólki virðingu • tekið tapi sem og sigri
Öryggi og skipulag	<ul style="list-style-type: none"> • farið eftir fyrirmælum • farið eftir reglum sem snúa að umgengni í íþróttamannvirkjum, íþróttahúsum og sundstöðum • umgengist áhöld og tæki á öruggan hátt • mætt með íþróttaföt • mætt með sundföt

b. Matsviðmið og matskvarði fyrir námshæfni í skólaíþróttum

Eftirfarandi viðmið um hæfni nemanda í lok námsins og mynda grunn að mati á námi hans eftir skólaárið, hvort sem matið er fyrir námssviðið í heild sinni eða einstakar námsgreinar innan þess.

Matskvarði	Matsviðmið fyrir námshæfni í skólaíþróttum
A	Nemandi getur framkvæmt mjög vel allar sundaðferðir og hefur mjög gott þol í sundi og hlaupi. Sýnt mjög góðan styrk og stöðugleika í mismunandi vöðvahópum og mjög góða samhæfingu liðleika, leikni og úthald í æfingum. Skýrt af öryggi og góðum skilningi leikreglur í hópíþrótt og einstaklingsíþrótt og fylgt þeim. Gert á skýran hátt góða grein fyrir gildi heilbrigðs lífennis fyrir starfsemi líkamans. Skýrt og metið mjög vel hugtök þjálfunar grunnþátta, útskýrt mismunandi þjálfunaraðferðir og sýnt æfingar við hæfi. Nefnt helstu vöðvahópa líkamans og útskýrt mjög vel og á skýran hátt hvaða hlutverk þeir hafa. Skýrt og tileinkað sér mjög vel öryggis- og skipulagsreglur sundstaða. Framkvæmt, útskýrt og beitt flestum atriðum skyndihjálpar; endurlífgun og björgun úr vatni. Synt af öryggi 25 m björgunarsund með jafningja.
B	Nemandi getur framkvæmt vel allar sundaðferðir og hefur gott þol í sundi og hlaupi. Sýnt góðan styrk og stöðugleika í mismunandi vöðvahópum og góða samhæfingu liðleika, leikni og úthald í æfingum. Skýrt af góðum skilningi leikreglur í hópíþrótt og einstaklingsíþrótt og fylgt þeim. Gert vel grein fyrir gildi heilbrigðs lífennis fyrir starfsemi líkamans. Skýrt og metið vel hugtök þjálfunar grunnþátta, útskýrt mismunandi þjálfunaraðferðir og sýnt æfingar við hæfi. Nefnt helstu vöðvahópa líkamans og útskýrt vel hvaða hlutverk þeir hafa. Skýrt og tileinkað sér öryggis- og skipulagsreglur sundstaða. Framkvæmt, útskýrt og beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og björgun úr vatni. Synt 25 m björgunarsund með jafningja.
C	Nemandi getur framkvæmt nokkuð vel allar sundaðferðir og hefur nokkuð gott þol í sundi og hlaupi. Sýnt sæmilegan styrk og stöðugleika í mismunandi vöðvahópum og nokkuð góða samhæfingu, liðleika, leikni og úthald í æfingum. Skýrt helstu leikreglur í hópíþrótt og einstaklingsíþrótt og að mestu farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik. Gert grein fyrir gildi heilbrigðs lífennis fyrir starfsemi líkamans. Skýrt og metið hugtök þjálfunar grunnþátta nokkuð vel og lýst mismunandi þjálfunaraðferðum og sýnt æfingar við hæfi. Nefnt vöðvahópa líkamans á viðunandi hátt og hvaða hlutverk þeir hafa. Skýrt og tileinkað sér nokkuð vel öryggis- og skipulagsreglur sundstaða. Framkvæmt og útskýrt nokkuð vel helstu atriði skyndihjálpar og björgun úr vatni. Synt 15-25 m björgunarsund með jafningja.
D	Nemandi hefur ekki náð viðmiðum námshæfni sem skilgreint er undir matskvarða C og er ekki skilgreint frekar. Í sumum tilvikum fær nemandi fyrir vikið einstaklingsnámskrá með eigin, persónulegum viðmiðum um námshæfni.

c. Grunnþættir menntunar í skólaíþróttum

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í skólaíþróttum:

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar Að nemandi
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:	<ul style="list-style-type: none"> taki þátt í æfingum og leikjum sér til ánægju ásamt því að efla eigið líkamshreysti taki þátt í íþróttum og sundi til að efla félagsleg tengsl og samvinnu við samnemendur taki ábyrgð á eigin heilsu og skilji mikilvægi svefns, rétttrar næringar og daglegrar hreyfingar
JAFNRÉTTI:	<ul style="list-style-type: none"> hafi fengið kynningu á sem flestum íþróttagreinum fái tækifæri, óháð kyni, til að njóta styrkleika sinna í íþróttum og sundi og ýta þar með undir jákvæða sjálfsmynd nemenda
LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:	<ul style="list-style-type: none"> fái tækifæri að velja sér æfingu eða leiki sem hann hefur áhuga á og er við hæfi hafi tækifæri til að koma með tillögur að æfingum eða leikjum eða hafa áhrif á skipulag kennslu þegar við á hafi jafnan rétt á við aðra að stunda hreyfingu í að minnsta kosti þrisvar í viku, 40 mínútur í hvert skipti
LÆSI:	<ul style="list-style-type: none"> þekki áhrif þjálfunar á helstu líffæri eins og hjarta og lungu en einnig á vöðva- og taugakerfið læri að taka sigri jafnt sem tapi og sýni íþróttamannslega framkomu taki þátt í leikjum sem styrkja samvinnu og samskipti nemenda þekki og fylgi leikreglum og geti leyst úr ágreiningi ef upp kemur
SJÁLFBÆRNI:	<ul style="list-style-type: none"> hafi jákvæða upplifun af íþróttaiðkun og skilji mikilvægi reglubundinnar hreyfingar sé meðvitaður um gildi æfinga og leikja, leggi sig ávallt fram og sé virkur og áhugasamur í íþróttatímum og sundi
SKÖPUN:	<ul style="list-style-type: none"> fái tækifæri til að búa til, útskýra eða hanna reglur eða leik fái tækifæri til að sjá um upphitun og skipuleggja kennslustund í íþróttum og sundi einn eða í hópi

6.1. Íþróttir

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: Tvær 40 mín. kennslustundir á viku yfir skólaárið.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Viðfangsefni 1 : **Grunnþættir líkams- og hreyfiproska**
 - Líkamsstaða og líkamsbeiting, samhæfing, styrkur, þol, hraði, jafnvægi, liðleiki
- Viðfangsefni 2 : **Líkams- og heilsurækt**
 - Styrktaræfingar, stöðvaþjálfun, útihlaup, þrekpróf, þolpróf
- Viðfangsefni 3 : **Knattleikir**
 - Knattspyrna, handknattleikur, körfuknattleikur, blak
- Viðfangsefni 4 : **Spaðaíþróttir**
 - Badminton, tennis, bandý
- Viðfangsefni 5 : **Leikir**
 - Boltaleikir, hlaupa- og viðbragðsleikir, kraftleikir, leiknileikir, sparkó, samvinnuleikir, ratleikir
- Viðfangsefni 6 : **Áhaldafimleikar**
 - Gólfæfingar, stökk yfir hest / kistu / kubbur, sveiflur í köðlum
- Viðfangsefni 7 : **Frjálssar íþróttir**
 - Hlaup, stökk, köst, víðvangshlaup, boðhlaup
- Viðfangsefni 8 : **Sértækir námsþættir**
 - Skólamót í leikjum, íþróttagreinum, frjálsum, sundi, skólalækjómót, göngu- og hjólaferðir

Viðfangsefni 9: **Vetrariþróttir**

Svig- og gönguskíðaiðkun, snjóbrettaiðkun, útivist að vetri.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Námsgagn 1 : **Áhöld í íþróttasal**
 - **Minni áhöld:** Boltar, gjarðir, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, léttar dýnur, liðabönd, vesti, mjúkir boltar, badminton flugur og spaðar, bandý boltar og kylfur, combi sett, keilur, skeiðklukkur, málband, spilastokkur, mottur
 - **Stærri áhöld:** Kistur, kubbar, hestar, kaðlar, slár, badminton uppistöður, blak uppistöður, mörk, körfur, bekkir, stærri dýnur, stökkbretti, boltagrindur, boltanet
- Námsgagn 2 : **Áhöld í skóla og á skólalóð**
 - **Minni áhöld:** Boltar, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, mjúkir boltar, liðabönd, vesti, bandý kylfur
 - **Stærri áhöld:** Klifurbrautir, rólur, mörk, gervigrasvöllur, körfuspjöld, yfir-veggur

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Leið 1: **Kennsla í íþróttahúsi**
 - **Íþróttasalur**
- Leið 2: **Kennsla utanhúss**
 - **Ásvellir**
 - **Unnið er með skipulag þjálfunar (hreyfingar) í ákveðinn tíma**
 - Við upphaf kennsluárs



- Um mitt kennsluár
- Við lok kennsluárs

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Aðferð 1: **Kennsluaðferðir**
 - Sýnikennsla, vettvangsferðir, endurtekingaræfingar, námsleikir, stöðvaþjálfun, áfangaðþjálfun, stöðugt þjálfunarálag, þrautabrautir, hlutverkaleikir, hermileikir, kannanir, hópvinna
- Aðferð 2: **Kennsluaðferðir og leiðir**
 - Ípad og tengd tæki, hljóðkerfi

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- **Leið 1: Heilsa og velferð**
 - **Námsmat**
 - Framfarir
- **Leið 2: Hreyfing og afkastageta**
 - Námsmat
 - Færni- og afkastagetuþróf
 - Eurofitness próf (þol, styrkur, snerpa, samhæfing, liðleiki, kraftur)
- **Leið 3 ; Félagslegir þættir og samvinna**
 - **Námsmat**
 - Virkni í kennslustundum, þátttaka í tímum vetrarins, færni
- **Leið 4 ; Öryggi og skipulag:**
 - **Námsmat**
 - Að fara eftir reglum, m.a. öryggisreglum í íþróttahúsi
 - Að fylgja fyrirmælum kennara og starfsmanna

6.2. Sund

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum. Tímafjöldi: Ein 40 mínútna kennslustund að jafnaði á viku yfir skólaárið.

Áhersla er lögð á að nemandi þjálfist og öðlist aukna færni í mismunandi sundaðferðum.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í sundi eru:

- **Viðfangsefni 1; Grunnþættir líkams- og hreyfiþroska**
 - Að nemandi þjálfist í æskilegri líkamsstöðu í vatni og líkamsbeitingu, samhæfingu, þoli, krafti, viðbragðs og hraða auk almennrar vatnsaðlögunar
- **Viðfangsefni 2; Bringusund**
 - Að nemandi nái tókum á legu, takti, rennsli, öndun, armtaki og fótataki
 - Að nemandi geti synt bringusund í 20 mínútur (viðstöðulaust)
 - Lágmarksvegalegnd 600 m
 - Að nemandi geti synt 50 metra stílsund
- **Viðfangsefni 3; Skólabaksund**
 - Að nemandi nái tókum á legu, takti, rennsli og samhæfingu í armtaki og fótataki
- **Viðfangsefni 4; Skriðsund**
 - Að nemandi nái tókum á legu, takti, rennsli öndun, armtaki og fótataki
 - Að nemandi geti synt 50 m skriðsund undir ákveðnum lágmarkum





- Drengir; 56,0 sek.
- Stúlkur; 61,0 sek.
- Viðfangsefni 5; **Baksund**
 - Að nemandi nái tókum á legu, takti, rennsli, armtaki og fótataki
 - Að nemandi geti synt 50 m baksund undir ákveðnum lágmörkum
 - Drengir; 64,0 sek.
 - Stúlkur; 70,0 sek.
- Viðfangsefni 6; **Flugsund**
 - Að nemandi nái tókum á legu, takti, rennsli, armtaki og fótataki
 - Að nemandi geti synt 25 m flugsund undir ákveðnum lágmörkum
 - Drengir; 31,0 sek.
 - Stúlkur; 33,0 sek.
- Viðfangsefni 7; **Kafsund, köfun og stungur**
 - Að nemandi þjálfist í kafsundi, köfun og stungum
 - Að nemandi hafi náð góðum tókum á að stinga sér af bakka
 - Að nemandi geti synt 12 metra kafsund, stilsund
- Viðfangsefni 8; **Leysitök**
 - Að nemandi þjálfist í þremur leysitökum: grip í fatnað framan frá; grip um háls aftan frá; grip um brjóst aftan frá
- Viðfangsefni 9; **Lífgunaraðferð**
 - Nemandi þjálfist í lífgunaraðferð. Lífgun skal ekki meta til einkunnar. Prófdómari fullvissar sig um að lífgunaraðferð hafi verið kennd og að nemendur kunnir grundvallaratriðin. Kennsla getur farið fram í öðrum kennslustundum en skólasundi. Prófdómari getur spurt nemendur um einstök atriði lífgunaraðferðar

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- **Námsgagn 1: Áhöld í sundlaug**
 - Kútar, núðlur, flotbelti, stór bretti, lítil bretti, sundfit, flotholt af ýmsum gerðum, kafhringir, kafhlið, gjarðir, dýnur, boltar, björgunardúkka

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- **Leið 1: Kennsla fer fram í**
 - Ásvallalaug
 - Unnið með sundkennsluleiðbeiningar í ákveðinn tíma til að styðja við nemendur til að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:
 - Við upphaf kennsluárs
 - Um mitt kennsluár
 - Við lok kennsluárs
 - **Leið 2: Heimanám (foreldrar)**
 - Nemendur eru hvattir til að stunda sund utan skólatíma og mæta þannig kröfum námsins
- Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:
- **Aðferð 1: Kennsluaðferðir**
 - Sýnikennsla, endurtekning, leikir, þolþjálfun, þrautabrautir, hópvinna, samvinna, sköpun



- Aðferð 2: **Kennsluáðferðir og leiðir**
 - iPad og tengd tækni, kennslutafla á bakka

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- Leið 1: **Heilsa og velferð;**
 - Námsmat
 - Framfarir
- Leið 2: **Hreyfing og afkastageta;**
 - Námsmat
 - Tæknileg útfærsla sundgreina
 - 10. Sundstig
- Leið 3: **Félagslegir þættir og samvinna;**
 - Námsmat
 - Virkni í kennslustundum
 - Viðhorf
 - Áhugi
- Leið 4: **Öryggi og skipulag;**
 - Námsmat
 - Að fara eftir reglum á sundstöðum
- Leið 5: **Mæting;**
 - Raunmæting



7. Stærðfræði

Námshæfni – viðmið og mat

Mat á námshæfni felur í sér að meta árangur nemenda í stærðfræði í lok námstíma. Þau byggjast á (a) viðmiðum og (b) kvarðanum A-D til að meta viðmiðin sem liggja til grundvallar námsmati í lok skólaárs.

a. Viðmið um námshæfni í stærðfræði

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnispættir:	Viðmið um námshæfni í stærðfræði Við lok 10. bekkjar geti nemandi:
Að geta spurt og svarað með stærðfræði:	<ul style="list-style-type: none"> fundið rök fyrir og rætt um fullyrðingar um stærðfræði, skilið og metið röksemdir sem settar eru fram af öðrum og unnið með einfaldar sannanir fundið, sett fram og afmarkað stærðfræðiþrautir bæði í tengslum við daglegt líf og viðfangsefni stærðfræðinnar, lagt mat á lausnirnar, m.a. með það að markmiði að alhæfa út frá þeim sett upp, túlkað og gagnrýnt stærðfræðilegt líkan af raunverulegum aðstæðum. Það getur m.a. falið í sér teikningar, myndrit, jöfnur og föll
Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar:	<ul style="list-style-type: none"> sett fram og notað mismunandi framsetningu sama fyrirbæris, hvort sem um er að ræða hlutbundna, myndræna, munnlega eða algebrulega framsetningu eða með töflu og grafi lesið úr táknmáli stærðfræðinnar, notað það á merkingarbæran hátt, t.d. þýtt af daglegu máli yfir á táknmál stærðfræðinnar og skilið þær leikreglur sem gilda tjáð sig um stærðfræðileg efni, munnlega, skriflega og myndrænt af nákvæmni og túlkað framsetningu annarra á stærðfræðilegu efni valið og notað margvísleg verkfæri, þar með talin tölvutækni, gert sér grein fyrir möguleikum þeirra og takmörkunum, notað þau markvisst til að rannsaka stærðfræðileg efni og setja niðurstöður sínar frá
Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar:	<ul style="list-style-type: none"> tekið þátt í að þróa skipulega fjölbreyttar lausnaleiðir, m.a. með notkun upplýsingatækni rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt með það að markmiði að alhæfa um stærðfræðileg efni unnið í samvinnu við aðra að lausnum stórra og smárra stærðfræðiverkefna og gefið öðrum viðbrögð, m.a. með því að spyrja markvisst tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga og meta þær, finna lausnir, m.a. í tengslum við ábyrgð á eigin fjármálum, neyslu og þróun samfélagsins undirbúið og flutt munnlegar kynningar og skrifað texta um eigin vinnu með stærðfræði, m.a. með því að nota upplýsingatækni nýtt möguleika stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum og líkt eftir raunverulegum fyrirbrigðum, m.a. með notkun tölvutækni og gert sér grein fyrir hvenær slíkt er gagnlegt og við hæfi lesið stærðfræðilegan texta, skilið og tekið afstöðu til upplýsinga sem settar eru fram á táknmáli stærðfræðinnar
Tölur og reikningur:	<ul style="list-style-type: none"> notað rauntölur og greint samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum.





Efnispættir:	Viðmið um námshæfni í stærðfræði
	<i>Við lok 10. bekkjar geti nemandi:</i>
	<ul style="list-style-type: none"> • notað sætiskerfisrihátt og sýnt að hann skilur þær reglur sem gilda um hann gefið dæmi um mismunandi framsetningu hlutfalla og brota, skýrt sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu • leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni og skriflegum útreikningum • notað hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi, nýtt vasareikni og tölvur í þeim tilgangi • reiknað með ræðum tölum, m.a. við lausnir á jöfnum og öðrum viðfangsefnum algebru • notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum • nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim
<i>Algebra:</i>	<ul style="list-style-type: none"> • unnið með talnarunur og rúmfræðimynstur til að rannsaka, koma skipulagi á og alhæfa um það á táknmáli algebrunnar og sett fram stæður með breytistærðum • leyst jöfnur og einfaldar ójöfnur, leyst saman jöfnur með fleiri en einni óþekktri stærð • ákvarðað lausnir á jöfnum og jöfnuhneppum með myndritum og lýst sambandi breytistærða með föllum
<i>Rúmfræði og mælingar:</i>	<ul style="list-style-type: none"> • notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar þar með talin hugtök um stærðarhlutföll, innbyrðis afstöðu lína, færslur og fræðilega eiginleika tví- og þríviðra forma • teiknað skýringarmyndir og unnið með teikningar annarra út frá gefnum forsendum, rannsakað, lýst og metið samband milli hlutar og teikningar af honum • notað mælikvarða og unnið með einslaga form og reiknað hliðarlengdir út frá þekktum eiginleikum • útskýrt reglu um hornasummu í marghyrningi, beitt henni í margvíslegu samhengi og reiknað horn út frá þekktum eiginleikum • útskýrt setningu Pýþagórasar og gert rannsóknir á rétthyrndum þríhyrningum og reiknað hliðarlengdir og horn út frá þekktum eiginleikum • mælt ummál, flöt og rými, reiknað stærð þeirra og útskýrt hvað felst í mælihugtakinu • nýtt tölvur til að teikna, rannsaka og setja fram rök um rúmfræðilegar teikningar • sett fram einföld rúmfræðileg rök og sannanir og túlkað táknmál algebru með rúmfræði • túlkað jöfnur í hnitakerfi og notað teikningar í hnitakerfi til að leysa þær
<i>Tölfræði og líkindi:</i>	<ul style="list-style-type: none"> • notað tölfræðihugtök til að setja fram, lýsa, skýra og túlka gögn • skipulagt og framkvæmt einfaldar tölfræðikannanir og dregið ályktanir af þeim • lesið, skilið og lagt mat á upplýsingar um líkindi sem birtar eru á formi tölfræði, t.d. í fjölmiðlum • framkvæmt tilraunir þar sem líkur og tilviljun koma við sögu og túlkað niðurstöður sínar • notað hugtök eins og skilyrtar líkur og óháðir atburðir, notað einfalda talningu til að reikna og túlka líkur á atburðum



b. Matsviðmið og matskvarði fyrir námshæfni í stærðfræði

Eftirfarandi viðmið um hæfni nemanda í lok námsins og mynda grunn að mati á námi hans eftir skólaárið, hvort sem matið er fyrir námssviðið í heild sinni eða einstakar námsgreinar innan þess.

Matskvarði	Matsviðmið fyrir námshæfni í stærðfræði
<p>A</p>	<p>Nemandi getur tjáð sig á skýran og fjölbreyttan hátt um stærðfræðileg efni og um veruleikann með tungumáli stærðfræðinnar. Útskýrt hugsun sína fyrir öðrum á greinagóðan hátt, leitað lausna og sett viðfangsefni fram á fjölbreyttan og nákvæman stærðfræðilegan hátt með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og röksemdafærslu. Sett fram, greint, túlkað og metið stærðfræðileg líkön af öryggi á gagnrýninn og skýran hátt.</p> <p>Notað af öryggi hugtök og táknafræði stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg verkefni og rætt gagnrýnið um lausnir, valið og nýtt ólík hjálpatæki til stærðfræðilegra verka, þar með talin tölvutækni.</p> <p>Unnið sjálfstætt og skipulega við að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur, finna lausnir og alhæfa um hvers kyns viðfangsefni með hjálp stærðfræðinnar. Lesið og lagt gagnrýnið mat á stærðfræðitexta. Valið og notað viðeigandi verkfæri, s.s. tölvur og kynnt niðurstöður sínar á skýran og greinagóðan hátt.</p> <p>Notað rauntölur og reiknað af öryggi með ræðum tölum, greint af öryggi samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum. Verið leiðandi í að þróa lausnaleyðir, nýtt sér samhengi og tengsl reikniáðgerðanna og notað þá þekkingu af sveigjanleika við útreikninga og mat á þeim.</p> <p>Rannsakað skipulega mynstur og alhæft um þau, leyst jöfnur af öryggi, notað breytistærðir á sveigjanlegan hátt og lýst sambandi þeirra með stæðum og föllum.</p> <p>Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar af öryggi og á fjölbreyttan hátt. Nýtt einslögum, hornareglur og hnitakerfi til að teikna, greina og skapa rúmfræðilega hluti. Sett fram nákvæm rúmfræðileg rök, mælt og reiknað lengd, flöt og rými af öryggi og nýtt tölvur til þessara hluta.</p> <p>Notað tölfræðihugtök af öryggi við að skipuleggja, framkvæma og túlka tölfræðirannsóknir. Framkvæmt og dregið ályktanir á sjálfstæðan og gagnrýninn hátt af tilraunum, þar sem líkur og tilviljun koma við sögu. Notað líkindahugtök og talningar af öryggi til að reikna og túlka líkur á atburðum.</p>
<p>B</p>	<p>Nemandi getur tjáð sig á skýran hátt um stærðfræðileg efni og um veruleikann með tungumáli stærðfræðinnar. Útskýrt hugsun sína fyrir öðrum, leitað lausna og sett viðfangsefni fram á fjölbreyttan stærðfræðilegan hátt, með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og röksemdafærslu. Sett fram, greint, túlkað og metið stærðfræðileg líkön á skýran hátt.</p> <p>Notað hugtök og táknafræði stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg verkefni og rætt um lausnir og nýtt ólík hjálpatæki til stærðfræðilegra verka, þ.m.t. tölvutækni.</p> <p>Unnið skipulega að því að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur, finna lausnir og alhæfa um hvers kyns viðfangsefni með hjálp stærðfræðinnar. Lesið og lagt mat á stærðfræðitexta, notað viðeigandi verkfæri s.s. tölvur og kynnt niðurstöður sínar á skýran hátt.</p> <p>Notað rauntölur og reiknað með ræðum tölum, greint samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum. Tekið þátt í að þróa eigin lausnaleyðir, nýtt sér samhengi og tengsl reikniáðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim.</p> <p>Rannsakað mynstur og alhæft um þau, leyst jöfnur, notað breytistærðir og lýst sambandi þeirra með stæðum og föllum.</p>



Mats- kvarði	Matsviðmið fyrir námshæfni í stærðfræði
	<p>Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar á fjölbreyttan hátt. Nýtt einslögun, hornareglur og hnitakerfi til að teikna, greina og skapa rúmfræðilega hluti. Sett fram einföld rúmfræðileg rök, mælt og reiknað lengd, flöt og rými og nýtt tölvur til þessara hluta.</p> <p>Notað tölfræðihugtök til að skipuleggja, framkvæma og túlka tölfræðirannsóknir. Framkvæmt og dregið ályktanir af tilraunum, þar sem líkur og tilviljun koma við sögu. Notað líkindahugtök og talningar til að reikna og túlka líkur á atburðum.</p>
C	<p>Nemandi getur tjáð sig að nokkuð vel um stærðfræðileg efni og um veruleikann með tungumáli stærðfræðinnar. Útskýrt hugsun sína fyrir öðrum, leitað lausna og sett stærðfræðileg viðfangsefni fram, með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og einfaldri röksemdafærslu. Fylgt og sett fram, greint, túlkað og metið stærðfræðileg líkön á einfaldan hátt.</p> <p>Notað að vissu marki hugtök og táknafræði stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa einföld hversdagsleg verkefni og rætt um lausnir og nýtt ólík hjálpatæki til stærðfræðilegra verka, þ.m.t. tölvutækni.</p> <p>Getur að vissu marki unnið að því að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur og finna lausnir með hjálp stærðfræðinnar. Lesið og lagt að vissu marki mat á stærðfræðitexta, notað verkfæri s.s. tölvur og kynnt niðurstöður sínar á viðeigandi hátt.</p> <p>Notað rauntölur og reiknað með ræðum tölum, skráð svör sín með tugakerfisrithætti og tekið þátt í að þróa eigin lausnaleyðir. Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur.</p> <p>Rannsakað mynstur, leyst einfaldar jöfnur, reiknað með breytistærðum og notað reglur algebrunnar við reikning.</p> <p>Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar á að vissu marki. Nýtt einslögun, hornareglur og hnitakerfi til að teikna, greina og skapa rúmfræðilega hluti. Sett fram einföld rúmfræðileg rök undir leiðsögn, mælt og reiknað lengd, flöt og rými og nýtt tölvur til þessara hluta.</p> <p>Notað tölfræðihugtök við að skipuleggja, framkvæma og túlka tölfræðirannsóknir undir leiðsögn. Framkvæmt og dregið ályktanir af tilraunum, þar sem líkur og tilviljun koma við sögu. Notað einföld líkindahugtök og talningar til að reikna og túlka líkur á atburðum.</p>
D	<p>Nemandi hefur ekki náð viðmiðum námshæfni sem skilgreint er undir matskvarða C og er ekki skilgreint frekar. Í sumum tilvikum fær nemandi fyrir vikið einstaklingsnámskrá með eigin, persónulegum viðmiðum um námshæfni.</p>



7. Stærðfræði

7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við skólanámskrá og aðalnámskrá grunnskóla.

Tímafjöldi: 1-6 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Að geta spurt og svarað með stærðfræði, að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar og að beita skipulögðum vinnubrögðum. Tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar, tölfræði og líkindi

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Skali 3A nemenda- og æfingahefti og Skali 3B nemenda- og æfingahefti, ýmis ítarefni, s.s. Átta-tíu nr. 5 og 6, Almenn stærðfræði III, þrautir, þemu og vefefni

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt:

- Hópkennsla með innlögn, einstaklingskennsla þar sem námsefnið er aðlagð að þörfum nemenda (þar sem þörf er á). Nálgun á viðfangsefninu frá ýmsum sjónarhornum
- Nemendur fá þjálfun í að nota tungumál og verkfæri stærðfræðinnar við lausn á hinum ýmsu verkefnum á sem fjölbreyttastan máta, s.s. að geta unnið saman tveir eða fleiri, geti sýnt hvernig farið er að því að leysa verkefni/þrautir, skilji lausnaleiðina og geti útskýrt hana. Geti nýtt sér hjálpargögn s.s. vasareikna, gráðuboga, hringfara o.fl. Að nemendur geti tekið þátt í umræðum um mismunandi lausnaleiðir

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Leiðsagnarmat, einstaklings-, þara- eða hóppróf, einstaklings-, þara- eða hópverkefni. Námsmatsverkefni/próf verða lögð fyrir nemendur til að kanna hæfni samkvæmt hæfniviðmiðum Skólanámskrárinnar
- Jafningjamat þar sem bekkjarfélagar meta hvern annan
- Vorpróf úr námsefni vetrarins
- Komið verður til móts við þarfir nemenda eftir því sem við verður komið, t.d. með aðlöguðum verkefnum og könnunum



7.2. Tölur, reikningur og algebra

Við lok árgangs geti nemandi:

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við skólanámskrá og aðalnámskrá grunnskóla.

Tímafjöldi: 1-6 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Nemendur fá þjálfun í samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu, kunni röð reikniaðgerða og geti beitt námundun þar sem við á
- Nemendur vinni með rauntölur og greini samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum
- Nemendur þjálfist í að reikna með ræðum tölum m.a. við lausnir á jöfnum
- Nemendur þekki víxlreglu, tengireglu og dreifireglu
- Nemendur fá þjálfun í notkun talna, sætiskerfis, almennum brotum, tugabrotum og prósentum og geti skýrt sambandið þeirra á milli
- Nemendur geti notað tákni (bókstaf) í stæðum og jöfnum fyrir óþekkta stærð
- Nemendur þjálfist í að vinna með stæður, að leysa jöfnur og einfaldar ójöfnur, búa til gildistöflur og setja fram á myndrænan hátt og þjálfist í að lesa úr þeim
- Nemendur þjálfist í að leysa jöfnur með fleiri en einni óþekktri stærð og geti ákvarðað lausnir á jöfnum og jöfnuhneppum
- Nemendur útbúa gildistöflur og gröf, ákvarða lausnir á jöfnum með myndritum og lesa úr þeim
- Nemendur fá þjálfun í að nota táknmál algebrunnar til að rannsaka, koma skipulagi á og alhæfa ýmsar talnarunur og rúmfræðimyndir
- Nemendur geti nýtt sér hjálpargögn s.s. tölvur, vasareikna, gráðuboga, hringfara o.fl.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Pau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Skali 3A nemendabók og æfingahefti, Skali 3B nemendabók og æfingahefti, ýmis itarefni, s.s. Átta-tíu 5 og 6, Almenn stærðfræði III, þrautir, þemu og vefefni

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt:

- Innlögn kennara á skipulagi kennslustundar og á ákveðnum námsþáttum
- Nemendur vinna verkefni úr kennslubókum einstaklingslega, í þaravinnu og hópvinnu
- Nemendur geta nýtt sér hjálpargögn s.s. vasareikna, gráðuboga, hringfara o.fl.
- Nemendur taki þátt í umræðum um mismunandi lausnaleyðir og noti tungumál stærðfræðinnar m.a. með því að kynna verkefni ýmist úr ræðustól eða úr sæti
- Námssefnið er aðlagð að þörfum nemenda (þar sem þörf er á)
- Nemendur nálgist viðfangsefnið út frá ýmsum sjónarhornum með það að leiðarljósi að auka hæfni hvers og eins

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Leiðsagnarmat, einstaklings-, þara- eða hóppróf, einstaklings-, þara- eða hópverkefni. Námsmatsverkefni/próf verða lögð fyrir nemendur til að kanna hæfni samkvæmt hæfniviðmiðum Skólanámskrárinnar
- Jafningjamat þar sem bekkjarfélagar meta hvern annan
- Vorpróf úr námsefni vetrarins
- Komið verður til móts við þarfir nemenda eftir því sem við verður komið, t.d. með aðlöguðum verkefnum og könnunum



7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við skólanámskrá og aðalnámskrá grunnskóla.

Tímafjöldi: 1-6 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Nemendur fá þjálfun í samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu, kunni röð reikniaðgerða og geti beitt námundun þar sem við á
- Nemendur fá þjálfun í að nota mælikvarða, að teikna skýringarmyndir
- Nemendur fá þjálfun í að reikna hornasummu hyrninga, ummál, flatarmál og rúmmál þeirra út frá þekktum eiginleikum
- Nemendur fá þjálfun í notkun rúmfræðihugtaka m.a. með því að mæla ummál, flöt og rými, reiknað stærð þeirra og útskýrt hvað felst í mælihuftakinu
- Nemendur fá þjálfun í að túlka jöfnur í hnitakerfi með því nota teikningar til að leysa þær
- Nemendur þjálfast í að túlka táknmál algebru með rúmfræði
- Nemendur fá þjálfun í að reikna dæmi þar sem setning Pýþagórasar er notuð
- Nemendur fá þjálfun í notkun talna, almennum brotum, tugabrotum og prósentum
- Nemendur fá þjálfun í að nota tölfræðihugtök til að setja fram, lýsa, skýra og túlka gögn
- Nemendur fá þjálfun í að lesa, skilja og leggja mat á líkindi á tölfræðilegu formi
- Nemendur geti nýtt sér hjálpargögn s.s. vasareikna, gráðuboga, hringfara o.fl.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Skali 3A nemendabók og æfingahefti, Skali 3B nemendabók og æfingahefti, ýmis itarefni, s.s. Átta-tíu 5 og 6, Almenn stærðfræði III, þrautir, þemu og vefefni

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Innlögn kennara á skipulagi kennslustundar og á ákveðnum námsþáttum
- Nemendur vinna verkefni úr kennslubókum einstaklingslega, í þaravinnu og hópvinnu
- Nemendur geti nýtt sér hjálpargögn s.s. vasareikna, gráðuboga, hringfara o.fl.
- Nemendur taki þátt í umræðum um mismunandi lausnaleiðir og noti tungumál stærðfræðinnar m.a. með því að kynna verkefni ýmist úr ræðustól eða úr sæti
- Námssefnið er aðlagð að þörfum nemenda (þar sem þörf er á)
- Nemendur nálgist viðfangsefnin út frá ýmsum sjónarhornum með það að leiðarljósi að auka hæfni hvers og eins

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Leiðsagnarmat, einstaklings-, para- eða hóppróf, einstaklings-, para- eða hópverkefni. Námsmatsverkefni/próf verða lögð fyrir nemendur til að kanna hæfni samkvæmt hæfniviðmiðum Skólanámskrárinnar
- Jafningjamat þar sem bekkjarfélagar meta hvern annan
- Vorpróf úr námssefni vetrarins
- Komið verður til móts við þarfir nemenda eftir því sem við verður komið, t.d. með aðlöguðum verkefnum og könnunum

Skólaeinkunn að vori byggir á hæfni- og matsviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla.



9. Valgreinar

Eftirfarandi valgreinar voru í boði fyrir skólaárið 2022 - 2023:

Aukin lestrarfærni

Nemendur lesa frjálislestrarbækur og læra tækni til að auka lestrarhraða sinn.

Námsmat: Leiðsagnarmat þar sem virkni og áhugi nemenda er metinn. Matskvarði, lokið/ ólokið.

Enska ritun — fyrir nemendur í 9. og 10. bekk

Creative writing. Think you can write fantasy like J.K. Rowling? Have you thought up the next best seller? Or want to try your hand at poetry or plays? We will look at different styles of creative writing and you get your chance to have a go. Matskvarði, A-D.

Fatahönnun

Nemendur hanna og sauma flík, fylgihlut eða heimilistextíl (s. s. púða, rúmteppi o.fl.) að eigin vali. Lögð verður sérstök áhersla á hugmyndavinnu, þekkingaröflun og fræðslu um mismunandi efni og eiginleika þeirra.

Námsmat: Leiðsagnarmat þar sem virkni, áhugi, frumkvæði, vinnubrögð og umgengni nemenda er metinn. Matskvarði: A – D.

Forritun

Í þessum valáfanga læra nemendur helstu grunnatriði forritunar og þeim beitt á ýmis verkefni.

Áhersla er lögð á lærdóm í gegnum verkefnavinnu frekar en fræðilega nálgun.

Nemendur smíða einföld forrit þar sem helstu grunnatriði forritunar eru prófuð.

Unnið verður í þróunarumhverfinu CodeBlocks og notast verður við forritunarmálið C++.

Eftir að áfanganum lýkur ættu nemendur að hafa öðlast þekkingu á grunnatriðum forritunar.

Í framhaldinu geta nemendur haldið áfram að byggja sjálfir ofan á þá þekkingu sem þeir hafa öðlast, hvort sem er í C++ eða öðrum forritunarmálum. Matskvarði: A – D.

Heimanám

Nemendur geta komið með heimaverkefni sín í öllum námsgreinum og fengið aðstoð frá kennara.

Námsmat: Leiðsagnarmat þar sem virkni og áhugi nemenda er metinn. Matskvarði, lokið/ ólokið.

Heimilismatur

Hver vill ekki kunna að búa til frá grunni:

Steiktur fiskibollur m/hrísgrjónum og alvöru karrýsósú

Plokkfisk m/heimabökuðu rúgbrauði

Sjóða slátur m/rófum, uppstúf og soðnar kartöflur

Soðnar kjötbollur með ekta kartöflumús og smjöri

Lambalæri m/sykurbrúnuðum kartöflum, soðsósú, heimatilbúnu rauðkáli og brúnni sósú.

Nauta gúllas m/ekta kartöflumús

Þetta eru bara dæmi, við búum til mat sem hefur verið við lýði á borðum íslenskra heimila marga áratugi. Að kunna að búa til sósú frá grunni er ekki sem allir kunna, hvað þá að búa til alvöru kartöflumús. Margir fullorðnir kunna ekki einu sinni að sykurbrúna kartöflur. Maturinn er svo borðaður í lok kennslustundar.

Markmið með þessu vali að viðkomandi nemendur læri að búa til góðan, næringarríkann heimilismat.

Matskvarði: A – D.



Hlaðvarp / Podcast

Í þessum valáfanga læra nemendur að búa til sitt eigið hlaðvarp, eða „podcast“ frá grunni, allt frá hugmynd and fullbúnu hlaðvarpi. Áhersla er lögð á lærdóm í gegnum verkefnavinnu. Farið verður yfir hugmyndavinnu að efni, handritsgerð, undirbúning fyrir upptöku, upptöku, hljóðvinnslu, eftirvinnslu og útgáfu á hlaðvarpi. Eftir að áfanganum lýkur ættu nemendur að vera orðnir fullfærir um að vinna sitt eigið hlaðvarp. Matskvarði, lokið/ ólokið.

Íslenska upprifjun

Valgreinin er ætluð þeim nemendum sem ekki hafa náð tilætluðum árangri í íslensku og vilja gera sérstakt átak til þess að bæta úr því. Áhersla verður m.a. lögð á upprifjun á námsefni yngri bekkja og þá einkum málfræði og stafsetningu. Matskvarði, lokið/ ólokið.

Jóga, hugleiðsla og slökun

Kundalini jóga: Það er markvisst jógakerfi með eflandi jóga- og öndunaræfingum, hugleiðslu, möntrum og slökun. Unnið er að því að lyfta orkunni upp, bæta jafnvægi orkustöðva og víkka vitund okkar. Með því að ástunda kundalini jóga getum við styrkt taugakerfið, innkirtlakerfið og ónæmiskerfið og komið jafnvægi á líkama, huga og anda. Við verðum sveigjanlegri og styrkjum bæði líkamlegt og andlegt úthald fyrir lífið sjálft. Jóga eykur andlega orku og gefur okkur innri frið og styrk til að mæta verkefnum dagsins. Þegar við vekjum upp okkar eigin orku finnum við að streitan minnkar en viljastyrkur og lífsgleði eflast. Námsmat: Leiðsagnarmat þar sem virkni og áhugi nemenda er metinn. Matskvarði, lokið/ ólokið.

Kvikmyndir í náttúrufræði

Horfum á góðar bímyndir er tengjast náttúruvísindum. Þær myndir sem við ætlum að horfa á eru: Apollo 13, The Martian, The Island, Wall-e, Gravity, Contagion, Gattaca, A Civil Action og Evolution. Námsmat: Leiðsagnarmat þar sem virkni og áhugi nemenda er metinn. Matskvarði, lokið/ ólokið.

Leiklist — fyrir nemendur í 10. bekk

Leiklistarval þar sem þátttakendur taka þátt í uppsetningu leiksýningar/söngleiks samkvæmt ákvörðun þátttakenda. Verkefnið felst í undirbúningi, æfingum og leiksýningu með öllum þeim verkefnum sem þarf að leysa fyrir eina leiksýningu (leikur, söngur, búningar, tónlist, kynning o.fl.). Til viðbótar ofangreindu eru innifaldar heimsóknir á æfingar/sýningar hjá leikhúsum og leikhópum. Lýkur með opinni æfingu sem verður opin aðstandendum og skóla.

Kennt er eftir kl. 16:00 virka daga og um helgar frá því í lok nóvember fram að grunnskólahátíð í febrúar 2019 með mismikilli vinnu eftir vikum og mest í byrjun febrúar. Sérstök tímaáætlun kemur á haustönn. Lýkur með leiksýningu.

Kennt verður í Gaflaraleikhúsinu, Standgötu 50 og verða nemendur að koma sér sjálfir á kennslustað.

Líf- og vistfræði

Farið verður í vistfræði og líffræði. Í vistfræðinni verður lögð áhersla á tengsl lífvera við umhverfi sitt og hvernig menn hafa áhrif á umhverfi sitt. Nemendur kanna umhverfi sitt í nágrenni við skólann. Í líffræðinni verða teknir fyrir sérstaklega áhugaverðir kaflar í Mannlíkamanum.

Námsmat: Leiðsagnarmat þar sem virkni, áhugi og vinnubrögð nemenda er metinn. Matskvarði: A– D.

Ljósmyndun og myndvinnsla í tölvum

Áhersla er lögð á að nemendur læri grundvallaratriði í ljósmyndun og myndvinnslu. Nemendur æfa sig í að taka stafrænar myndir og færa myndir af myndavél (síma) í tölvu. Einnig að nýta sér myndir af netinu til eigin nota og breyta myndum s.s. bakgrunni og ýmsu öðru. Farið verður í helstu atriði varðandi myndvinnslu og undirstöðuatriði kennd í myndvinnsluforritum.

Námsmat: Leiðsagnarmat þar sem virkni og áhugi nemenda er metinn. Matskvarði, lokið/ ólokið.



Náttúrufræði — Almenn líffræði

Ætlar þú á raunvísindabraut/náttúrufræðibraut í framhaldsskóla? Þá er þessi valgrein fyrir þig. Farið er í fyrstu kafla í Almennri líffræði eftir Ólaf Halldórsson sem er kennd víða í framhaldsskólum. Nemendur kafað dýpra í námsefnið til frekari undirbúnings fyrir framhaldsskóla. Lögð er áhersla á að nemandi sýni sjálfæð vinnubrögð með verkefnavinnu. Námsmat lokið/ólókið.

Nemendaráð

Þeim sem skipa sæti í nemendaráðinu ber að stuðla að líflegu félagslífi innan skólans í samvinnu við starfsmenn Versins og stjórnendur skólans sem munu meta framlag nemandans til starfsins.

Þau sem velja þetta val geta boðið sig fram sem formann nemendaráðs. Formaður ásamt varaformanni vinnur með starfsfólki Versins, stjórnendum skólans, unglingum úr öðrum skólum og skólanum sjálfum og situr meðal annars í skólaráði.

Verkefni nemendaráðsins verða tilgreind á vikulegum fundum á skólatíma og eru til að mynda að skreyta og undirbúa fyrir viðburði, fjáraflanir og dagskrágerð fyrir Verið. Nemendaráð kemur að undirbúningi Grunnskólahátíðarinnar, Hrekks, SamFestingsins, Stíls, danskeppinnar og fleiri viðburða á skólatíma og utan hans.

Nemendaráð mun sjá um að mynda skreytinganefnd sem kemur til með að skreyta fyrir viðburði. Þeir sem eru í skreytinganefnd koma með hugmyndir um skreytingar á viðburðum og mæta til að undirbúa þá með starfsmönnum Versins.

Námsmat: Leiðsagnarmat þar sem virkni, kynningu á verkefnum og áhugi nemenda er metinn. Matskvarði, lokið/ ólokið.

Olíumálun

Kennt verður hvernig á að vinna með olíulíti. Unnin verða eitt til tvö verk. Annað verkið verður eftirgerð af frægum verkum sem gott er að vinna til að æfa blöndun lita, hitt verkið verður unnið út frá uppstillingu með spaða og palletuhnífum. Mat fer eftir færni, sköpun, meðferð lita, sjálfstæði í vinnubrögðum og hvernig gengið er frá áhöldum og litum. Matskvarði: A – D.

Púl er cool

Markmið áfangans er að kynna fyrir nemendum það sem er í boði fyrir þau, hvað íþróttir og hreyfingu varðar í þeirra nærumhverfi. Farið verður í vettvangsferðir þar sem kennarar/þjálfarar taka á móti nemendum, kynna fyrir þeim starfsemi sína og hvað þau hafa upp á að bjóða. Auk þess fá krakkarnir að spreya sig í hinum ýmsu æfingum á þeim stöðum sem farið verður á undir leiðsögn kennara/þjálfara.

Áfanginn er bæði ætlaður fyrir krakka sem hafa brennandi áhuga á íþróttum/hreyfingu og einnig fyrir þá krakka sem ekki stunda reglulega hreyfingu en eru opin fyrir því að prófa eitthvað nýtt sem vakið gæti hjá þeim áhuga og leitt til þess að þau fari að stunda regulega hreyfingu í kjölfarið.

Námsmat: Leiðsagnarmat þar sem virkni og áhugi nemenda er metinn. Matskvarði, lokið/ ólokið.

Skák

Skák er góð þjálfun fyrir einbeitingu og rökhugsun. Lögð verður áhersla á að tefla í tímunum en jafnframt að dýpka skilning nemenda með því að fara í byrjun, miðtafl og endatafl. Þá er stefnt að því að fá heimsóknir, fara í vettvangsferðir og taka þátt í skákmótum. Matskvarði, lokið/ ólokið.

Skólahreysti

Markmiðið er að undirbúa nemendur fyrir landskeppni grunnskóla í skólahreysti. Nemendur læra og æfa keppnisgreinarnar auk þess sem lögð verður áhersla á alhliða líkamspjálfun. Valið verður úr hópi nemenda í 9. og 10. bekk til að keppa fyrir skólans hönd í skólahreystinni og verða þeir nemendur með valgreinina einnig á vorönn. Námsmat: Leiðsagnarmat þar sem virkni og áhugi nemenda er metinn. Matskvarði, lokið/ ólokið.



Spila- og leikjaval

Nemendur læra að spila fjölbreytt spil, aðallega á venjuleg 52 spil auk þess að fara í hina ýmsu leiki. Námsmat: Leiðsagnarmat þar sem virkni og áhugi nemenda er metinn. Matskvarði, lokið/ ólokið.

Stríð og friður

Þessi valáfangi byggist á því að nemendur kynnist helstu stríðsátökum sem hafa orðið í heiminum á 20. öldinni. Má t.d. nefna fyrri og seinni heimsstyrjaldirnar, Kóreustríðið, Víetnamsstríðið, Persaflóastríðið og Íraksstríðið. Fjallað verður um þessa viðburði á víðtækan hátt með það að leiðarljósi að nemendur öðlist góðan skilning á þessum stórvíðburðum. Nemendur munu m.a. leita heimilda á veraldarvefnum, skoða myndbönd og aðrar heimildir, heimsækja söfn og aðrar stofnanir s.s. Landhelgisgæsluna, sendiráð Bandaríkjanna og Amnesty International. Áhersla er lögð á sjálfstæða verkefnavinnu og að nemendur sýni áhuga og skilning á viðfangsefninu. Námsmat: Leiðsagnarmat þar sem virkni, áhugi og vinnubrögð nemenda er metinn. Matskvarði: A – D.

Stuðningur við yngri nemendur (skólaval)

Nemendur hjálpa til í Holtaseli með því að skipuleggja leiki og aðstoða yngri nemendur. Sú reynsla getur komið að góðum notum í framhaldsnámi, til dæmis á félagsfræði- og félagsliðbrautum. Markmiðið er meðal annars að efla ábyrgðartilfinningu og styrkja félagshæfni og er það liður í forvarnastefnu skólans gegn einelti. Valið er í umsjón námsráðgjafa skólans og er sérsniðið að stundatöflu hvers nemanda.

Námsmat: Leiðsagnarmat þar sem virkni og áhugi nemenda er metinn. Námsmat byggir einnig á dagbóarskráningum. Skrifa á skýrslu með samantekt úr starfi vetrarins og skila til námsráðgjafa í lok annar. Matskvarði, lokið/ ólokið.

Sönglist

Nemendur fá leiðsögn í framkomu og söng. Æft er fyrir ýmsar uppákomur innan skólans og utan svo sem; söngkeppni grunnskólanna, tónleika fyrir foreldra, samverur, jólaskemmtun, vorskemmtun. Farið verður í heimsóknir til dæmis á Hrafnistu og fleir staði. Haldið verður náttfatapartý eða karaoke partý. Stefnt er að því að taka upp söng og/eða tónlist sem nemendur geta nýtt til gjafa.

Námsmat: Leiðsagnarmat þar sem virkni og áhugi nemenda er metinn. Matskvarði, lokið/ ólokið.

Umhverfismennt - vistfræði og umhverfismál

Nemendur vinna verkefni er tengjast náttúru og umhverfi. Nemendur ákveða hvaða viðfangsefni þeir vilja vinna með og hvernig þeir ætla að koma því frá sér. Vinna og afrakstur getur verið ýmiss konar t.d. Búa til líkön, tónlist, málverk, myndbönd, kynningu, veggspjald. Í lokin eru nemendur með munnlegar kynningar á viðfangsefnum sínum. Námsmat lokið/ólokið.

Útivist

Í þessum áfanga verður farið yfir skipulag og útbúnað fyrir göngur og útivist.

Nemendur munu:

- fara í nokkrar stuttar göngur
- fara í sjósund
- dorga
- fara í hjólaferð
- fara í eina lengri göngu
- farið verður í skíða- og brettaferð þar sem gist verður eina nótt.

Námsmat: Leiðsagnarmat þar sem virkni og áhugi nemenda er metinn. Matskvarði, lokið/ ólokið.



Vefsíðugerð og vefforritun

Í þessum valáfanga læra nemendur að forrita sína eigin vefsíðu frá grunni með HTML, CSS og Bootstrap.

Farið verðum yfir helstu grunnatriði í HTML kóðun ásamt CSS útlitskóðun þar sem stuðst verður við Bootstrap sem er hentugt til að gera vefsíður sem líta vel út á sínum og snjalltækjum og laga sig að tækjum og skjástærð.

Áhersla er lögð á lærdóm í gegnum verkefnavinnu frekar en fræðilega nálgun.

Einnig munu nemendur kynna vefumsjónarkerfinu Wordpress þar sem farið er yfir öll helstu grunnatriði kerfisins ásamt því að nemendur setja upp sína eigin vefsíðu. Matskvarði, lokið/ ólokið.

Val utan skóla

Samkvæmt lögum um grunnskóla er nemendum í 8., 9. og 10. bekk heimilt að fá metið skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla til valgreina, t.d. nám við framhaldsskóla, listaskóla og málaskóla. Að ósk foreldra er heimilt að meta sem nám tímabundna þátttöku nemenda í atvinnulífi og reglubundna þátttöku í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi enda falli það að markmiðum skólustarfs. Í hverju tilviki metur skólinn umfang slíks náms en við það skal miða að það nemi ekki meira en sem svarar 160 mínútum eða 4 kennslustundum vikulega á hverju skólaári.

Valgrein utan grunnskóla getur ekki gengið á kjarnagreinar skólustarfs í árgangi viðkomandi nemanda og þar má t.d. telja íþróttakennslu.

Eins og áður segir geta foreldrar óskað eftir því við deildarstjóra elstu deildar að barnið þeirra fái nám, þátttöku í íþróttum, atvinnulífi eða skipulögðu félags- eða sjálfboðastarfi metið sem valgrein utan skóla og er það þá á ábyrgð foreldra að barnið stundi námið, íþróttina eða atvinnuna.

Verk- og listgreinaval Tækniskólans — 10. bekkur

Kennt er að mestu í Tækniskólanum í Hafnarfirði og á Skóla-vörðuholti í Reykjavík.

Nemendum 10. bekkjar býðst að velja sér áfangann VKG en áfanginn samanstendur af sex vikna kennslu í þremur iðn- eða listgreinum, alls átján vikur samtals. Áfanginn nær yfir heilt skólaár og fær hver nemandi kennslu í þremur af þessum fjórum tímabilum.

Hver nemandi velur sér þrjár greinar sem vekja mestan áhuga hans en í boði eru eftirfarandi greinar:

- Hönnun og nýsköpun (Hafnarfirði og Skólavörðuholti)
- Tréið (Hafnarfirði og Skólavörðuholti)
- Tækniteikun (Hafnarfirði og Skólavörðuholti)
- Pípulagnir (Hafnarfirði)
- Málaraíð (Skólavörðuholti)
- Rafið (Hafnarfirði og Skólavörðuholti)
- Málmið (Hafnarfirði og Háteigsvegi)
- Skipstjórn (Háteigsvegi)
- Forritun og vefsmíði (Hafnarfirði og Skólavörðuholti)
- Ljósmyndun og myndvinnsla (Skólavörðuholti)
- Hársnyrting (Skólavörðuholti)
- Föt og fylgihlutir (Skólavörðuholti)

Almennt verður kennt á fimmtudögum frá kl. 15:20 – 17:20, en þar sem við getum hliðrað til tímasetningum verður reynt að færa tíma fram til kl. 14:30 (tíminn verður þá til kl. 16:30) í samráði við skóla og nemendur.

Staðsetning:

Staðsetning tekur mið af starfsemi skólans. Ekki er hægt að bjóða upp á öll fagsvið á öllum stöðum. Við viljum samt bjóða þeim nemendum sem hafa áhuga á tilteknu fagsviði að koma sér sjálfum á milli staða. Dæmi: ef nemandi í skóla í Hafnarfirði vill kynna sér skipstjórn þá getur hann valið það fagsvið



en þarf sjálfur að koma sér á Háteigsveg

Móttaka nemenda fyrir hverja lotu er eftirfarandi:

Hafnarfjörður: Matsalur nemenda á annari hæð að Flatahrauni.

Skólavörðuholt: Matsalur nemenda á þriðju hæð (einni hæð fyrir ofan skrifstofu).

Háteigsvegur: Anddyri skólans.

Starfsmenn skólans og kennarar taka á móti nemendum við upphaf hverrar lotu og leiða hópinn í stofur.

Athugið að skrifstofa skólans lokar kl. 15:00 og því er mikilvægt að upplýsa nemendur um það hvert þeir eigi að mæta.

Hvert viðfangsefni tekur sex vikur, þrjár kennslustundir á viku (3 x 40 mín.).

Í þessum sex vikna lotum í hverri grein fá nemendur tækifæri til að hanna og smíða eigulega gripi undir leiðsögn færustu kennara. Á þann hátt vinna nemendur að verkefnum sem tengja saman viðkomandi faggrein og verkfærin, auk þess að kynnast uppbyggingu iðnnáms og möguleikum til framhaldsmenntunar að því loknu.

Þegar vali er lokið skulu nemendur (einir eða fáeinir saman) gera skýrslu/kynningu um valið sem er stýrt af hverjum grunnskóla fyrir sig og lögð fram í viðkomandi skóla.

Fimmtudagar kl. 15:20-17:20. Þrír samliggjandi tímar á viku í sex vikur. Hver nemandi tekur þrjú tímabil af fjórum (skipulagt af Tækniskólanum):

1. Tímabil: 10. sept. -15. okt. 2020

2. Tímabil: 29. okt.- 03. des. 2020

3. Tímabil: 14. jan. – 25. feb. 2021

4. Tímabil: 04. mar. – 15. apr. 2021

Nánari kynningu á uppbyggingu einstakra viðfangsefna innan valgreinarinnar má sjá í bæklingnum frá Tækniskólanum og hér á næstu síðum.

Þeir nemendur sem velja þessa valgrein geta ekki hætt eða skipt henni út fyrir aðra á skólaárinu.

Sjá hér á hér að neðan nánari lýsingu á þeim greinum sem er í boði.

1. Hönnun og nýsköpun

Hönnun nýsköpun og verkleg þjálfun í formum og vinnu með efni af ýmsum toga.

2. Tréið

Nemendur vinna að verkefnum í samráði við kennara hvort sem er eftir eigin hugmynd eða teikningum sem eru til í skólanum.

Nemendur kynnast vélum og verkfærum sem notuð eru á smíðaverkstæðum.

3. Tækniteiknun

Teiknifræði: Kynning á grunnatriðum í teiknifræði.

Hönnunarforrit: Nemendur fá kynningu á helstu teikniforritum sem notuð eru við hönnun.

Þjálfun: Nemendur fá þjálfun í notkun á þrívíðum hugbúnaði og framsetningu á teikningum.

4. Pípulagnir

Plastsuða: Nemendur fá grunnkynningu á plastefnum, ásamt því að sjóða saman ýmis verkefni, t.d. snjóbræðslukistur, sandföng o.fl.

Hita- og vatnslagnir: Nemendur fá kynningu á hita- og vatnslögnum ásamt því að leggja hita- og vatnslagnir með nokkrum tegundum af efni.

Stýribúnaður: Nemendur fá kynningu á ýmsum gerðum af stýribúnaði sem notaður er við hitalagnir.



5. Málaraiðn

Nemendur kynast spörtlun og skreytimálun.

6. Rafiðn – Tölvu- og netkerfi

Nemendur kynast grunnatriðum í rafeindatækni og fá að taka í sundur tölvur og setja saman aftur. Kennar eru lóðningar og ýmsir hlutar íhluta í rafrásam. Einnig verður kynning á rökrásam, tvítöluakerfinu og hermiforritum.

7. Málmíðn

Nemendur kynast aðstöðu skólans í málmsmíði og véltækni.

Nemendur fá að kynast helstu verkfærum til málm síða og málm suðu og fá að smíða litla hluti úr málm.

8. Skipstjórn – Siglingar og sjómennska

Nemendur kynast aðstöðu skólans í skipstjórnargreinum, skoða upp í turn á Sjómannaskólahúsinu, sjá radar og gps.

Nemendur fá að bæta net, binda hnúta og prófa að sigla stórum skipum um öll heimsins höf í stórum skipstjórnarhermi.

9. Upplýsingatækni – Forritun og vefsmíði

Nemendur læra undirstöðuatriði forritunar og búa til einfalda vefsíðu.

10. Upplýsingatækni – ljósmyndun og myndvinnsla

Nemendur læra að beita myndavél með því að taka myndir við margvíslegar aðstæður og farið verður í grunnatriði í stafrænni myndvinnslu.

11. Hársnyrting

Nemendur skoða hár og fræðast um hár og hárumhirðu.

Fléttaður verður saman fróðleikur og verklegar æfingar, farið í heimsóknir og möguleikar hársnyrtifagsins skoðaðir.

12. Föt og fylgihlutir

Nemendur fá að kynast námi og aðstöðu á fataiðnbraut, vinna verkefni úr ýmsum efnun og sjá hvernig hugmynd verður að flík.

